

Húshólmir

Ómar Smári Ármannsson
tók saman

Útgefið af Ferðamálafélagi Grindavíkur 2005

ISBN-9979-9644-1-3



Ágæti lesandi



Samantekt

Húshólmi er óbrennishólmi inni í Ögmundarhrauni ofan við Hólmasund, skammt austan Selatanga. Í hólmanum og í hrauninu við hann eru mjög fornar rústir; hús og garðar. Svæðið hefur oft á tíðum verið nefnt Gamla Krýsuvík. Nöfnin Kirkju-lágar og Kirkjuflöt benda til þess að þar hafi verið kirkja. Talið er að rústirnar geti verið frá fyrstu tíð landnáms, en elstu skráðar heimildir um minjar í Húshólma eru frá því í byrjun 17. aldar. Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á rústunum.

Skiptar skoðanir hafa verið á aldri Ögmundarhrauns, en skv. aldursgreiningum virðist það hafa runnið á 12. öld. Hraunið hefur runnið yfir allnokkra byggð. Í dag má sjá í og við Húshólma leifar þriggja eða fjögurra húsa og á eitt þeirra að hafa verið kirkjan. Garðarnir hafa verið allangir. Þeir liggja í sveiga við húsarústirnar og inni í hólmanum. Í honum er einnig m.a. forn fjárborg, tóft, nýrri stekkur eða lítil rétt og skjól refaskyttu.

Í Óbrennishólma, sem er skammt norðvestar í Ögmundarhrauni, eru einnig minjar stórrar fjárborgar, tóft og garðar, sem hraunið stöðvaðist við.

Aðgengi að Húshólma er ágætt fyrir þá, sem ekki eiga erfitt með gang. Hægt er að aka á vel búnum bílum eftir stíg til suðurs austan við hraunkantinn eða ganga eftir honum frá Ísólfskálavegi. Venjulega er gengið í hólmann eftir svonefndum Húshólmastíg (1,1 km) frá austurjarðri hraunsins. Gangan í hólmann eftir stígnum tekur u.þ.b. 10 mín. Þá er einnig tiltölulega auðvelt að ganga inn í hann eftir stíg skammt ofan við ströndina að austanverðu eða eftir stíg til suðurs í gegnum hraunið neðan við Krýsuvíkur-Mælifell. Sú ganga tekur u.þ.b. klukkustund.



Húshólmi í Ögmundarhrauni.

Húshólmi

- merkilegur staður í umdæmi Grindavíkur

Inngangur

Húshólmi er inni í sunnanverðu Ögmundarhrauni ofan við svonefnt Hólmasund við suðurströnd Reykjanesskagans, milli Selatanga og Selöldu. Hólminn hefur löngum verið gróinn, en nú er gróður í honum smám saman að verða eyðingaröflunum að bráð sem og sumar minjarnar, sem í honum eru. Í Húshólma, sem er óbrennishólmi, eru friðlýstar fornleifar. Annar svipaður hólmi er í hrauninu skammt norðvestar. Nefnist hann Óbrennishólmi. Í honum eru einnig fornleifar.

Í *Skrá um friðlýstar fornleifar* frá árinu 1990 eru fornleifar þessar ekki færðar með umdæmi Grindavíkur, heldur með Hafnarfirði. Þar segir „að í Krýsuvík séu; a) leifar Krýsuvíkur hinnar fornu, vestur af Krýsuvíkurbjargi, í Húshólma og Kirkjulágum, og b) fornt garðlag í Óbrennishólma, vestur af Húshólma.“¹

1 Árbók 1903; 49-50. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.



Nyrsta skálatóftin í Kirkjúlágum.

Fornleifavernd ríkisins hefur unnið að því að gera úttekt á öllum friðlýstum minjastöðum á landinu. Flestar þær minjar sem nú eru á friðlýsingaskrá lentu þar í kringum árið 1930 er Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, gerði átak í friðlýsingum minja. Margir merkustu minjastaðir landsins urðu þar með alfriðaðir og draga nú til sín fjölda ferðamanna ár hvert.² Við val

á minjum studdist Matthías ekki síst

við hið mikla starf þeirra Brynjúlfs Jónssonar,³ Kristjáns Kálund, Sigurðar Vigfússonar og fleiri manna á sögustöðum Íslendingasagna.

Skiptar skoðanir eru um aldur Ögmundarhrauns en nýjustu niðurstöður benda til þess að það hafi runnið árið 1151.⁴ Í Húshólma er talið að þar hafi Krýsuvík hin forna staðið. Í Kirkjúlágum, smáhólmum í hrauninu skammt vestan við Húshólma, eru húsarústir og er ein þeirra talin vera af kirkju og nafnið dregið af því. Leifar einnar byggingarinnar eru nær horfnar en hraunið sem runnið hefur umhverfis hana stendur eftir og mótar útlínur hennar. Er það nær einstakt í heiminum að fornleifar hafi varðveist með slíkum hætti, mótaðar inn í storknaðan hraunstraum. Enginn veit hve mörg býli eða hús lentu þarna undir hrauninu.⁵

Öskulög við minjar í Húshólma benda til þess að þar hafi verið byggð fyrir árið 900. Staðurinn er í raun einstakur í sinni röð. Upplifunin við að heimsækja Húshólma er slík að sérhver, sem það gerir, gleymir henni ekki. Auk kirkjutóftarinnar, skálanna og garðanna má sjá þarna hringlaga gerði á svonefndri Kirkjuflet.

2 „Lög um verndun fornminja voru sett hér á landi árið 1907 og embætti þjóðminjavarðar stofnað. Þar var kveðið á um að þjóðminjavörður skyldi semja skrá yfir allar fornleifar sem ástæða þætti til að friða. Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, hófst fljótlega handa um að gera skrá yfir sögulegar minjar. Á árunum 1926-1930 var gert stórt átak í skráningu fornleifa og mikill fjöldi fornleifa friðlýstur. Friðlýsingarnar byggðust að mestu á rituðum heimildum og athugunum fyrri fræðimanna.

„Í 50 ár eftir að skráningaráttaki Matthíasar lauk fór nánast engin fornleifaskráning fram hér á landi. Þörfín á slíkri skráningu fór þó stöðugt vaxandi með aukinni framkvæmdaglegði og útlenslu byggða og í dag er fornleifaskráning eitt mikilvægasta verkefni minjavörslunnar - (www.natmus.is).

3 Brynjólfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903. Rvk. „Brynjólfur Jónsson (1838-1914) var fræðimaður og kennari frá Minna-Núpi. Brynjólfur ferðaðist fyrir fornleifafélagið og forngripasafnið um mest allt landið á árunum 1893-1909. Rannsóknir Brynjúlfs fólust að mestu í skráningu fornleifa, eyðibygga og örnefna. Brynjólfur var ekki heilsuhaustur og fékkst ekki við fornleifauppgroft en hann fékk aðra menn til að grafa í rústir fyrir sig“ - (www.fornleifavernd.is).

4 Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins.“ Jökull 38, 1988.

5 http://www.fornleifavernd.is/2/Fridlystar_fornleifar/index.htm

Þegar gengið er inn í Húshólma eftir Húshólmastíg er fyrst komið inn í hólmann. Þar er fyrirhleðsla, en í hólmanum eru auk þessa stekkur eða lítil rétt í honum norðanverðum, jarðlægt gerði, greni og hlaðið byrgi refaskyttu, auk tóftar syðst í honum. Austasti garðurinn er hlaðinn að mestu úr torfi. Þó má sjá á kafla neðstu steinröðina er notuð var til að leggja línu garðsins. Vestast rann hraunið að garðinum og kaffærði hann. Annar garður er skammt suðvestar; einnig torfgarður. Þar má sjá hvernig hraunið hefur brennt hluta garðsins og skilið far eftir hann.



Kirkjúlágur – syðri hluti.

Fyrri rannsóknir og umfjöllun

Nú, í maímánuði árið 2005, liggur ekki alveg ljóst fyrir hvers konar minjar þetta eru, hversu gamlar þær kunna að vera, hver hafi verið tilgangur þeirra eða hvaða fólk kynni að hafa dvalið þar. Minjasvæðið er bæði sérstakt og einstakt vegna þess að það er umlukið hrauni, sem ummerki benda til að hafi runnið yfir stærri byggð og lagt hana í eyði. Eftir standa framangreind ummerki er bíða rannsókna, verndar og að verða gerð aðgengileg áhugasömu fólki um tilurð þeirra og sögu.

Nokkrir hafa ritað um Húshólma, minjarnar þar og aldur Ögmundarhrauns. Má þar t.d. nefna Herbert kapellán í Clairvaux,⁶ Ólaf Olavíus,⁷ Gísli Oddsson,⁸ Svein Pálsson,⁹ Jón Vestmann,¹⁰ Jón Espólín,¹¹ Þorvald Thoroddsen,¹² Jónas Hallgrímsson,¹³ Eggert Ólafsson og Bjarna Pálsson,¹⁴ Brynjólfur

6 Sigurður Þórarinsson 1952. Herbert munkur og Heklufell. Náttúrufræðingurinn 22: 49-61.

7 Ólafur Olavíus. Ferðabók 1775-1777. Reykjavík 1965.

8 Gísli Oddsson 1917. Annalium in Islandia Farrago and De Mirabilibus Islandae. Islandica 10: 1-84.

9 Sveinn Pálsson 1791-1797, Ferðabók - Reykjanesför 1796, bls. 659-663. Bókautgáfan Örn og Örlygur 1983.

10 Jón Vestmann 1818-1840. Rústir í Húshólma.... Sóknarlýsing 1840.

11 Jón Espólín 1821. Íslands Árbækur. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn. bls. 132.

12 Þorvaldur Thoroddsen 1925. Die Geschichte der Isländschen Vulkane. D. Kgl. Danske Vidensk. Selsk. Skrifter, Naturvidensk. og Mahem. Afd., 8. Række, IX. bls. 458.

13 Jónas Hallgrímsson 1934-37. Rit eftir Jónas Hallgrímsson IV. Ritgerðir, jarðfræðilegar og landfræðilegar og fl. Ísafoldarprentsmiðja, Rvk bls. 340.

14 Eggert Ólafsson 1772. reise igiennem Island. 1. bindi. Soreöe. bls. 1042.



Kirkjulágar – nyrðri hluti.

up segir frá gosi í Trölladyngju árið 1340.²⁵

Sveinn Pálsson, sem annars lýsir landssvæðinu sem hinni mestu eyðimörk, segir fyrstur manna frá fornum rústum í Húshólma í ferðabók sinni árið 1796.²⁶ Þeim lýsir einnig Jón Vestmann árið 1818 - '40. Jón Espólin getur þeirra árið 1821 í árbókum sínum og Þorvaldur Thoroddsen segir frá þeim í ferðabók sinni frá árinu 1883.²⁷ Þar segir hann hraunið hafa runnið árið 1340. Jónas Hallgrímsson tekur undir það í skrifum sínum árið 1934.²⁸

Eggert og Bjarni geta um rústirnar í ferðabók sinni og þó einkum í dagbókum sínum árið 1772.²⁹ Þeir telja eftir heimildarfólki sínu í Krýsuvík að hraunið hafi runnið um tvö hundruð árum fyrr, eða um árið 1570.

Brynjúlfur ritar um rústirnar árið 1902 og dregur upp helstu minjarnar

Jónsson,¹⁵ Jón Árnason,¹⁶ Ólaf Þorvaldsson,¹⁷ Sigurð Þórarinnsson,¹⁸ Þorleif Einarsson,¹⁹ Jón Jónsson,²⁰ Sveinbjörn Rafnsson,²¹ Hauk Jóhannesson og Sigmundur Einarsson²² og Bjarna F. Einarsson.²³

Sá fyrstnefndi, Herbert Kapellán í Clairvaux, virðist byggja frásögn sína á heimildarmanni,²⁴ en skv. ályktun hans mun hraun á þessum stað á sunnanverðu Reykjanesi hafa runnið um miðja 12. öld. Gísli bisk-


bæði í Húshólma og í Kirkjulágum.³⁰ Telur hann þær vera mjög fornar. Jón Árnason birtir þjóðsöguna af Ögmundi og dys hans í Ögmundarhrauni skömmu síðar.³¹

Aðrir, sem ritað hafa og/eða rannsakað Húshólma og Ögmundarhraun á 20. öldinni eru t.d. Ólafur Þorvaldsson árið 1951.³² Þar segir hann frá Krýsuvík og sögnum af fornum rústum í Húshólma og ályktar um aldur Krýsuvíkurkirkju.

Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur, gerði athugun á hrauninu árið 1965 og taldi það geta hafa runnið um árið 1151. Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, gerði slíkt hið sama árið 1974, en taldi hraunið vera eldra, eða frá árinu 1027.³³ Jón Jónsson, jarðfræðingur, bætti um betur árið 1978³⁴ og taldið hraunið geta verið frá því í kringum 1000. Hann leiðrétti það síðar.

Sveinbjörn Rafnsson fjallaði um aldur Ögmundarhrauns árið 1982. Taldi hann það geta hafa verið frá árunum 1558 - 1563.³⁵

Árið 1988 rituðu Haukur og Sigmundur um Krýsuvíkurelda og aldur Ögmundarhrauns, auk þess sem þeir gerðu árið áður öskulagarannsókn í fornum garði í Húshólma.³⁶ Þeir töldu hraunið vera frá árinu 1151 og garðinn eldri en 900 ára. Drógu þeir þá ályktun af landnámsöskulaginu í þælu garðsins sem og miðaldaröskulaginu utan á honum.



Uppdráttur Brynjúlfs Jónssonar.

15 Brynjúlfur Jónsson 1903. Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903: 31-52.

16 Vox Jón Árnason - Þýðandi Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík 1954.IV 134.

17 Ólafur Þorvaldsson 1949. Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943: 81-95.

18 Sigurður Þórarinnsson 1965. Aldur Ögmundarhrauns.

19 Þorleifur Einarsson 1974. Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis. Safn til sögu Reykjavíkur: 32-52. Sögufélag. Reykjavík.

20 Jón Jónsson 1982. Um Ögmundarhraun og aldur þess. Eldur í norðri: 193-197. Sögufélag. Reykjavík.

21 Sveinbjörn Rafnsson 1982. Um aldur Ögmundarhrauns. Eldur í norðri: 415-424. Sögufélag. Reykjavík.

22 Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins.“ Jökull 38, 1988, bls. 71-85.

23 Bjarni F. Einarsson 2003. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarveggar frá Þorlákshöfn að Grindavík. Lokaskýrsla.

24 Rit hans „Liber miraculorum“ (Bók um furður) er skrifað 1178-80.

25 Gísli Oddsson: Annalium in Islandia Farrago and De Mirabilibus Islandiae. Islandica 10: 1-84.

26 Sveinn Pálsson: Ferðabók, dagbækur og ritgerðir 1791-1797, bls. 659-660 - Reykjavík 1983.

27 Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók 1883, bls. 180 - Reykjavík 1925.

28 Jónas Hallgrímsson: Bréf og dagbækur, bls. 366 - Reykjavík 1989.

29 Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson: Ferðabók 1752-1757 - Reykjavík 1987.

30 Brynjúlfur Jónsson: Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903 (bls. 48-50 og myndasíða IX) - Reykjavík 1903.

31 Þjóðsagan er reyndar komin til hans frá Brynjúlfi Jónssyni, sbr. formála hans: Brynjúlfur Jónsson: Tillag til alþýðlegra fornfræða (bls. 101-102). Menningar- og fræðasamband alþýðu - 1953.

32 Ólafur Þorvaldsson: Krýsuvíkurkirkja að fornu og nýju - Alþýðublað Hafnarfjarðar, jólablað 1961.

33 Þorleifur Einarsson: Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis - Reykjavík 1974

34 Jón Jónsson: Um Ögmundarhraun og aldur þess, bls. 193-197 - Reykjavík 1982.

35 Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarhrauns. Eldur í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982 (bls. 415-424) - Sögufélag, Reykjavík 1982.

36 Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson: Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins. Jökull nr. 38, (bls. 71-85) - 1988.



Garður í Húshólma.

Öbrennishólmi og loks Ögmundarhraunið sjálft. Bæði er það vegna þess að minjar eru í báðum hólmunum er kunna jafnvel að tengjast í aldri og tilvist og vegna þess að hraunið er órjúfanlegur hluti þeirra, m.a. með hliðsjón af aldri og mögulegri ástæðu fyrir eyðingu stærri byggðar en það hlífði. Auk menningarminjanna, sem þær óneitanlega eru, þjóðsagnanna tengdum þeim og fyrirhugaðri vegagerð í gegnum hraunið, þarf einkum að horfa til þeirra náttúruminja, sem Ögmundarhraun hefur að geyma. Þá eru ekki undanskilin hraunsvæðin ofan við Miðreka, suðvestan Öbrennishólma, þar sem m.a. má finna fyrirhlaðinn skúta, sæluhús, undir Lati sunnan við Latstögl, auk gamalla gatna.

Tvö önnur nálæg svæði eru og allnokkuð tengd þegar fjallað er um möguleika Húshólma til aðgengis þegar horft er til beggja vegna Húshólmastrandarinnar. Á báðum svæðunum eru minjarnar eftir búsetu- og atvinnuhætti, þ.e. Selalda annars vegar og Selatangar hins vegar.

Vettvangsskoðun 2005 - Húshólmi

Farið var í vettvangsferð í Húshólma. Skoðaðar voru bæði minjasvæðin í Húshólma og á nærliggjandi svæðum. Hér verður getið um helstu niðurstöður af athugunum í Húshólma sem og tilvitnaðar heimildir.

Nú er ljóst að vegstæði svonefnds Suðurstrandarvegur mun ekki liggja yfir Húshólmann, eins og ein tillagan af þremur kvað á um í upphafi. Átti það m.a. að liggja svo til yfir fjárborgina, sem er ofarlega í hólmanum. Vegir eru mikilvægir nútíðinni, en mikilvægt er að hafa í huga að hinar áþreifanlegu minjar eru tengsl okkar við fortíðina og verðmæti framtíðarinnar. Því þarf að koma í veg fyrir, með öllum tiltækum ráðum, að sem minnst af þeim fari forgörðum.

37 Bjarni F. Einarsson: Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegur frá Þorlákshöfn að Grindavík. Lokaskýrsla - Reykjavík 2003.

Gengið var niður með austurjarði Ögmundarhrauns og litið á gróið skeifulaga gerði utan í hrauninu. Það gæti hafa verið aðhald fyrir fé er varslað var í Hólmanum um tíma, sbr. stelstöðuminjar, sem þar eru, og/eða verið í tengslum við fjárborgina á Borgarholti þar skammt norðaustar. Það gæti einnig hafa verið notað fyrir hesta. Inn í hrauninu er varða. Við hana eru Mælifellsgrenin svonefndu, sem og hlaðin byrgi refaskyttu.



Í Kirkjulágum.

Haldið var yfir í hólmann eftir Húshólma stígnum. Á gömlum landakortum má sjá gamla götu liggja að honum frá Krýsuvíkurtorfunni. Um er að ræða góðan stíg, í gegnum hraunhaftið. Nokkrar sagnir eru um tilurð hans. Sumir hafa jafnvel ruglast á honum og svonefndum Ögmundarstíg í gegnum Ögmundarhraun vestan við Mælifellið. Þar, við austurjarðar hraunsins, er Ögmundardys og tengist sögunni af Ögmundi og vegagerð hans fyrir bóndann í Krýsuvík³⁸ (aðrar sögur segja í Njarðvíkum)³⁹. Aðrar sagnir kveða á um að Húshólma stígurinn sé svo áberandi vegna þess að kirkjan í hólmanum hafi verið nýtt eftir að hraunið kólnaði. Hraunþyrmingin hafi skapað verulegan átrúnað á hana. Enn aðrir, þ.e. þeir raunsærri, segja að hún sé svo gróin og aðgengileg vegna fjárhaldsins, sem Hólminn virðist hafa verið nýttur til um tíma. Auk þess er víst að Húshólmi (fjaran ofan við Hólmasundið) var bæði nýttur til reka og auk þess var síðast róið úr honum árið 1917⁴⁰ svo vitað sé.

Þegar komið var niður í Húshólmann er þar fyrir hlaðinn vörslugarður. Nokkru innan hans er, sem fyrr sagði, hleðslur í norðurhluta hólmans þar sem fé hefur verið haldið til haga; tvískiptur stekkur eða rétt, gróið gerði og forn fjárborg, auk tveggja grenja. Við annað þeirra er hlaðið byrgi.

Gengið var að fjárborginni. Vel má greina hringlaga formið sem og steinarröð í jaðri hennar. Borginni stafar hætta af jarðvegseyðingunni, sem nú er að éta hana að utan.

Skammt neðar er efsti garðurinn, sem virðist hafa náð inn í hólmann frá vestri til austurs þar sem hann sveigir til suðurs og síðan aftur til vesturs

38 Brynjúlfur Jónsson. Tillag til alþýðlegra fornfræða, bls. 101-102. Ögmundarhraun. Menningar- og fræðslusambad alþýðu 1953.

39 Huld I 231

40 Ólafur Þorvaldsson: Harðsporar, bls. 122 - Reykjavík 1951. „Svo var það sumarið 1917, að bændur í Krýsuvík tóku að hugsa til fiskiröðra út frá Húshólma. Ekki var hér um stórútgærð að ræða...“.



Fjárborg í Húshólma.

hraunið. Sjá má í enda hans undir hrauninu þar sem það hefur brennt torfið á kafla. Þessi garður er innig að mestur gerður úr torfi, en þó má vel greina grjót í honum, einkum syðst.

Haldið var til vesturs að Kirkjuflöt, fornum grafreit, að talið er. Í henni er hlaðinn þvergarður frá norðaustri til suðvesturs. Sunnan við garðinn er að því er virðist hringlaga gerði. Hér er um forvitnilegan stað að ræða, ekki síst vegna nafnsins og hugsanlegra tengsla hans við grafsvæði. Ekki er að sjá að minnst hafi verið á gerði þetta í framangreindum lýsingum af minjasvæðinu, en gerðið sést best þegar sólin er lágt á lofti að kvöldlagi.

Gengið var eftir svonefndri Kirkjugötu inn í Kirkjulágir, í gegnum hraunhaft til vesturs, að hinum fornu minjum, kirkjurústinni fyrrnefndu og gamla Krýsuvíkurbænum (segja sumar frásagnir) og tóftunum þar í kring, gördum og hinum fornu skálum, sem virðast vera þrír. Þó er ekki ljóst hvort syðsta tóftin af þeim þremur er hús, en hún er vestan við meinta kirkjutóft. Um þessar minjar liggja bogadregnir garðar.

Greinilegar útlínur miðskálans, sem er allgróinn, virðast sveigðar líkt og gerðist með fornaldaskála. Um er að ræða heilt hús með rými til austurendans. Þá tekur við tóft og hleðslur við enda hans. Ofar og austar eru sérkennilegir hraunkatlar er benda til hringlaga húsa eða jarðhýsa er hraunið hefur runnið að og brennt.

Norðvestan þeirra er bátslaga tóft, sem hraunið hefur brennt á alla vegu. Brynjúlfur Jónsson minnst ekki á hana í athugunum sínum og hana er ekki að sjá á uppdráttum hans. Í miðju tóftarinnar er tvöföld röð af stoðarholum. Syðri röðin er samfelld og regluleg. Holurnar eru með u.þ.b. 63 cm millibili. Fjórar þeirra eru greinilegar. Dýpsta holan er um 40 cm djúp.

Flóraður stígur liggur frá sunnanverðu minjasvæðinu til suðvesturs í gegnum hraunið, í átt að Brúnavörðunum, yfir hraunhaftið og inn á götu er liggur með

að neðri garðinum, syðst í hólmanum. Reyndar er garðurinn rofinn á miðkaflanum og að mestu að austanverðu. Hann hefur að hluta verið úr torfi, en þar sem rofið er mest má sjá steinaraðirnar er mót-að hafa garðinn. Brynjúlfur teiknar árið 1902 garðinn í sveig líkt og sjá má í dag.

Haldið var að neðri garðinum, sem liggur í boga úr suðri til norðurs og beygir síðan til vesturs inn undir

brún þess upp í og með Óbrennishólma að sunnanverðu. Talið er að sonur Krýsuvíkur-Gvendar, og menn með honum, hafi rutt og flórað stígin á þessum kafla á 19. öld.⁴¹

Loks var litið á sjóbúðartóft syðst í Hólmanum (gæti líka hafa verið afdrepp fyrir þá er drógu að sér reka) og á rekagötuna niður að Hólmasundi. Útgerð virðist síðast hafa verið í Húshólma árið 1917.⁴²

Við Hólmasund hefur verið sæmileg lending, en grjótborin. Beggja vegna eru klettar; Seltangar að austanverðu.

Loks var stígur gengin út úr hólmanum syðst í honum, til austurs. Við hana virðast einnig vera mögulegar fornar minjar í gróðurvin inn í hrauninu ofan við gamla sjávarbergið. Þetta svæði þarf að skoða betur. Vel má sjá í hluta gamla bjargsins þar sem nýja hraunið hefur runnið fram af því og myndað ströndina allt um kring.

Brynjúlfur Jónsson 1903

Brynjúlfur Jónsson telur í skrifum sínum frá árinu 1903 að Krýsuvík hafi til forna staðið niðrurundir sjó fyrir vestan endann á Krýsuvíkurbjargi.⁴³ „Nafnið Krýsuvík bendir á það. Engum hefir dottið í hug að kenna bæinn við vík, ef hann hefði fyrst verið settur þar sem hann er nú. En þar sem hann stóð fyrst hefir þetta átt við og svo hefir nafnið haldist er hann var fluttur. Hraunflóð það, sem á sínum stað er nefnt Ögmundarhraun, hefir eyðilagt hinn forna bæ. Sjást þess glögg merki. Þá er hraunflóðið er komið ofan fyrir hálsana, breiðir það sig um undirlendið vestur að Ísólffsskála, sem nú er austasti bær í Grindavík. Er þar hvergi auður blettur nema aðeins tveir hólmar austantil í hrauninu. Heitir hinn vestari Óbrennishólmi. Hann er kippkorn frá sjó, austantil niður undir múla þeim í hálsinum, sem Núpshlíð heitir. Eystri hólminn heitir Húshólmi. Hann er niður við sjó skammt fyrir vestan bergið. Er hraunkvíslin fyrir austan hann tiltölulega mjó. En runnið hefir hún fram í sjó fyrir austan hann, og það hefir aðalflóðið einnig gjört fyrir vestan hann, hafa svo runnið saman í fjörunni fyrir framan hann, og sést sjávarkamburinn innanvið hraunið á nokkrum parti neðst í hólmanum. Að ofanverðu er hólminn



Stoðhola í skálatóft í Kirkjulágum.

41 Jón Guðmundsson á Skála, f. 1921.

42 Ólafur Þorvaldsson: Harðsporar, bls. 119-120 - Reykjavík 1951.

43 Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903. Þar lýsir Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi Húshólma eftir að hafa skoðað staðinn sumarið 1902.



Húshólmastígur.

þar sem gata sé rudd gegnum kambinn, líklega sjávargata; er eigi allbrimsamt og mun hafa verið útræði. Fyrir neðan þennan síðartalda garð verður afhallandi brekka ofan að neðri hraunjarðrinum. Liggur þriðji garðurinn þar ofan frá neðra garðinum og neðra hraunjarðrinum og hverfur undir hann. Þannig sér hér á 4 aðskildar girðingar, er allar hverfa að meiru eða minna leyti undir hraun. Engin tóft sést í neinni þessari girðingu, svo að, ef sín girðing hefir tilheyrt hverju býli, þá eru tóftir þeirra býla hrauni byrgðar. Vestur úr útsuður horni hólman's gengur graslág milli tveggja hraunjarða. Er hún eigi breiðari en svo, að eigi má ríða 2 hestum samsíða. Þegar samt er komið vestur í hraunið, kvíslast hún í tvær lágur. Þær heita Kirkjulágar. Þar eru rústir. Verður fyrst fyrir tóft, sem snýr frá suðri til vesturs, nál. 4 fðm. löng og 2 fðm. breið. Dyr eru á vesturenda, jafnvíðar og tóftin sjálf. Mun þar hafa verið bil fyrir. Norðanmegin við þessa tóft, tæplega 2 fðm. Frá henni, er garður, sem beygist austur fyrir hana og hverfur þar undir hraunið, en að vestan endar hann í tóftarvegg. Er sú tóft endar dyrum hinnar, nálægt jafnstór henni og liggur frá norðri til suðurs. Dyr hennar hverfa undir hraunjaðarinn að sunnanverðu.

Vestan við hana dýpkar láginn að mun, en þar er ekki víðari en svari tóftarvidd. Sé það tóft, hefir þar líklega verið kjallari, en hleðslan er hrunin. Frá norðausturhorni þvertóftarinnar gengur garður eftir norðurláginni, fyrst beint í norður nál. 12 fðm., svo beint í vestur nær eins langt og hverfur svo í

hærri. Þar virðist hafa verið hæð, sem hraunið hefir flotið fram á og klofnað um. Svo lækkar hann allt í einu, en breikkar þó um leið austur á við, en að vestan gengur hraunið þar heldur inn í hann. Þar undir hraunjarðrinum kemur forn túngarður, er liggur kringum allstórt svæði, en hverfur aftur í hraunið niður frá eigi langt frá vesturenda sjávarkambsins, sem nú var getið.

Annar garður kemur undan hraunjarðrinum nokkru neðar en hinn og stefnir í suðaustur. Hann beygist suður á við og gengur gegnum hinn fyrri garð skammt fyrir ofan sjávarkambinn. Er þar hlið á hinum fyrra. Svo heldur þessi síðartaldi áfram að sjávarkambinum og hverfur þar. En

hraunið. Utan með þessum garði er svo sem gangrúm hraunlaust, og er það norðurkvísl Kirkjuláganna. Lítur út fyrir, að hér hafi hraunið sigið að með hægð frá báðum hliðum. Svo sem 40 fðm. norðar í hrauninu er auður vesturhluti rústar, sem auðsjáanlega er bæjarrúst. Hefir hún verið þrískipt. Miðtóftin snýr frá norðri til suðurs og hefir dyr á suðurenda og aðrar á vesturveggnum, inn í vesturtóftina. Inn af miðtóftinni virðist og hús hafa verið, sem er hrauni hulið allt að kalla. Miðtóftin nál. 2 1/2 fðm. löng og 1 1/2 fðm. víð. Vesturtóftin er jafnvíð og hin er löng, nfl. 2 1/2 fðm., en nál. 5 fðm. á lengd. Hún er merkileg að því, að með báðum veggjum, eftir henni

endilangri, er 1 al. breið set eða rúmstæði og markar glöggt fyrir veggjunum þar utanvið. Austasta tóftin er nær öll hrauni hulin. Þó sýnist sem útidyr hafi verið á henni fyrir austan útidyr miðtóftarinnar. Hvergi er hraunlaus blettur kringum þessa rúst, og ekki verður komist að henni nema á hrauni.

Nafnið Kirkjulágar bendir á, að hér hafi kirkjustaðurinn Krýsuvík verið. Getur vel verið, að tóftin í syðri láginni, sem fyrst var talin, sé einmitt kirkjutóftin. Hefir heimabærinn þá víst verið þar líka. Rústin uppi í hrauninu er þó ekki eftir smákot. Hygg ég að heimabær hafi verið tveir, Efribær og Fremribær, og kirkjan hafi verið hjá Fremribænum. Eftir afstöðu að dæma, hafa girðingarnar, sem fyrr getur, eigi verið tún þessara bæja, heldur annara afbýla, sem þá eru hulin hrauni. Og hver veit hve mörg býli þar kunna að vera horfin?⁴⁴



Garður í Húshólma.

44 Úr Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903. Þar lýsir Brynjúlfur Jónson frá Minna-Núpi Húshólma eftir að hafa skoðað staðinn sumarið 1902.



Í Kirkjulágum.

Í Íslenskri orðabók er getið um krýs sem lögg (skoru) í skjólu eða keraldsbotn. Lögg er m.a. skilgreind sem lægð eða lág milli áss og fjalls.⁴⁵ Krýs hefur því væntanlega verið grunn vík eða fjörður, sem kemur heim og saman við framangreindar hugleiðingar Brynjúlfs.

Frásögn Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi um gömlu Krýsuvík, Húshólma og Ögmundarhraun birtist í „Tillaga til alþýðlegra fornfræða.“⁴⁶ Þar segir hann m.a. um Húshólma og Ögmundarhraun:

„Krýsuvík var fyrst byggð niður við sjó fyrir utan Krýsuvíkurborg, en lagðist svo af, að eldur kom upp í fjöllum þar norður frá og runnu hraunkvíslar hér og þar fram á milli hálsanna. Hin austasta var einna mest. Smalamaður frá Krýsuvík var kippkorn frá bænum með féð. Hann sá glóandi hraunleðjuna brjótast með feikna hraða ofan úr skarðinu upp frá bænum og fleygjast út yfir láglendið. Hann sá sér enga von til undankomu og beið með fjárhópin þess, er að höndum kæmi, og fal sig guði: því hefir þetta skeð í kristni. Eldflóðið fór allt í kringum hann, og sakaði hvorki hann né féð nema eina á, segja sumir. Það heitir síðan Óbrennishólmi, er hann var. Hraunið hljóp um allt láglendið og fram í sjó, en túnið í Krýsuvík stóð óskaddað og bærinn, en nálega var ófært þangað, þegar hraunið var storknað. Þá var bærinn fluttur þangað, sem Krýsuvík er nú, það er ofar og austnorðar. Þegar eldgangurinn var afstaðinn og hraunin storknuð, fóru menn að leggja veg til Grindavíkur yfir þau, og urðu öll rudd að þessu austasta fráteknunni. Það var svo stórgert og hart, að það var óvinnandi, og varð ekki veginum komið á.

Ögmundur hét maður. Hann var berserkur, illur viðskiptis og flakkaði um land og gjörði mörgum mönnum óskunda. Hann kom að Krýsuvík og bað dóttur bónda. Bóndi þorði ekki að neita og lofaði honum dóttur sinni, ef hann legði veg yfir hraunið. Hann gekk að því og fór til, byrjaði að vestan, en bóndi stóð við hraunbrúnina að austan. Ögmundur hamaðist og hjó rösklega veginn yfir hraunið, en þegar hann kom austur yfir og var búinn, dasaðist hann. Þá hjó bóndi hann banahögg og dysjaði hann þar. Grjóthruga er þar

⁴⁵ Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. Árni Böðvarsson - Bókauitgáfa Menningarsjóðs - Reykjavík 1988, bls. 259 og 612.

⁴⁶ Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi „Úr Tillaga til alþýðlegra fornfræða“ (bls. 101-102). Menningar- og fræðslusamband alþýðu gaf út 1953.

við götuna, sem kallað er leiði Ögmundar, en stendur á kletti. Vegurinn gengnum hraunið er djúpur og mjór og víða brotinn eða höggvinn gegnum stór björg (hraunstykki), en víða þrepóttur í botninn, sem hin gamla gata segir (ort á seinni tímum):

Eru í hrauni Ögmundar ótal margir þröskuldar fáka meiða fæturnar og fyrir oss brjóta skeifurnar.



Ögmundarstígur og -dys.

Síðan hefir hraunið heitið Ögmundarhraun. Þar, sem áður var bærinn Krýsuvík, heitir nú Húshólmi. Þar er vatnsskortur oftast. Litlar menjar kvað sjást þar af tóftum, en þó nokkrar.“

Rannsókn Hauks Jóhannessonar og Sigmundar Einarssonar 1987

Aldur minjanna í Húshólma hafa lengi verið á reiki. Hafa menn helst reynt að greina aldur hraunsins, sem færði þær í kaf að mestu og þannig reynt að finna út aldur þeirra. Í frásögnum frá því á 18. öld er hraunið talið vera frá því á 16. öld eða 14. öld. Nýlegri rannsóknir telja það geta hafa runnið í kringum árið 1000 og enn aðrar kveða á um árið 1150 eða 1180. Hvað sem öllu líður er ljóst að Ögmundarhraun er ekki einungis eitt samfellt hraun, það er nokkur hraun, sem hafa runnið á mismunandi tímum, en e.t.v. hefur ekki liðið langt á milli goshrina. Vegna takmarkaðra rannsókna er ekki gott að kveða á um hversu langt hafi verið á millum þeirra.

Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson rannsökuðu Húshólmann og Ögmundarhraun síðla hausts árið 1987.⁴⁷ Aldur hraunsins var kannaður í ljósi öskulaga sem eru undir því og ofan á. Eitt þessara öskulaga er svonefnt miðaldalag, en sterk rök eru leidd að aldri þess og uppruna. Einnig voru geislakolsaldursgreiningar leiðréttar með nýjustu aðferðum, sem þá tíðkuðust. Þessar athuganir voru bornar saman við ritheimildir og töldu þeir félagar sig geta ákvarðað aldur Ögmundarhrauns upp á ár. Í lokin fjalla þeir um aldursákvörðun hins forna torfgarðs í Húshólma, sem reyndist vera eitt af

⁴⁷ Niðurstaða rannsóknarinnar birtist m.a. í Jökli nr. 88 árið 1988. Í greininni er fjallað um aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins.



Rétt í Húshólma

elstu mannvirkjum er fundist hafa á Íslandi.

„Nokkuð hefur verið ritað um aldur Ögmundarhrauns á Reykjanesi á undanförunum árum og hefur sitt sýnst hverjum. Jón Jónsson (1982-1983) og Sigurður Þórarinnsson (1974) hafa á grundvelli geislakolsaldursgreininga og afstöðu hraunsins til mannvistarleifa í Krýsuvík dregið þá ályktun, að það hafi brunnið á öndverðri 11. öld. Sveinbjörn

Rafnsson (1982) hefur kannað sögulegar heimildir um hraunið og kirkjustaðinn í Krýsuvík og álitur hann, að hraunið hafi runnið seint á tímabilinu 1558-1563. Þorvaldur Thoroddsen (1925) áleit að Ögmundarhraun gæti hafa runnið 1340 og Jónas Hallgrímsson (útg. 1934-37) var sömu skoðunar. Tómas Tómasson (1948) og Einar Gunnlaugsson (1973) hafa rakið heimildir um eldgos á Krýsuvíkursvæðinu en taka ekki afstöðu til aldurs Ögmundarhrauns. Ástæða þess, að áhugi hefur verið meiri fyrir könnun Ögmundarhrauns en annarra hrauna á Reykjanesi er sú, að það hefur runnið yfir bæ og önnur mannvirki s.s. fjárrétt og torf- og grjótgarða, sem sjást í hraunjaðrinum.

Gjóskulög sem nefnt hefur verið miðaldalagið hjálpar til við ákvörðun á aldri Ögmundarhrauns.

Ögmundarhraun er komið upp í eldstöðvarkerfi sem oftast hefur verið kennt við Krýsuvík, en stundum við Trölladyngju. Eldstöðvakerfið einkennist aðallega af gígaröðum og gapandi gjám og sprungum. Sprungureinin er víðast um og innan við 5 km breið og nær 50 km löng. Hún nær frá Ís-ólfsskála í suðvestri, norðaustur um Núps-hlíðarháls og Sveifluháls og áfram um Undirhlíðar og Helgafell fyrir ofan Hafnarfjörð. Við Helgafell endar gósvirknin að mestu, en sprungurnar ná lengra til norðausturs yfir Heiðmörk, Elliðavatn og Rauðavatn og enda í Mosfellssveit.

Eldgosið hefur einkennst af umbrotahrinum, af gliðnun lands og kviku-hlaupum með hléum á millum. Síðustu eldsumbrot í Trölladyngju- og Krýsuvíkurkerfinu mætti nefna Krýsuvíkurelda því þá eyddist bærinn í Krýsuvík. Hraunin hafa að mestu fyllt Móhalsadal milli Núps-hlíðarháls og Sveifluháls, og runnið til sjávar í suðri. Nyrst í Móhalsadal slitnar gígaröðin á 7 km kafla en tekur sig aftur upp norðan við Vatnsskarð og liggur þaðan meðfram Undirhlíðum allt norður á móts við Helgafell. Hraun frá þessum hluta gígaraðarinnar (Kapelluhraun o.fl.) hafa runnið til sjávar milli Hvaleyrarholts og

Straumsvíkur. Jón Jónsson hefur áður haldið því fram að Ögmundarhraun, Kapelluhraun og Gvendarselshraun hafi runnið í sömu goshrinunni.

Í Ögmundarhrauni er Húshólmi stærstur óbrennishólma, sem þar eru. Merkastar eru rústirnar í svo nefndum Kirkjulágum, sem eru smáhólmar skammt vestan við Húshólma. Þeim hefur Brynjúlfur Jónsson (1903) lýst. Þar eru greinilegar rústir af bæjarhúsum sem hlaðin hafa verið að mestu úr lábörðu grjóti. Í efri láginni hefur hraunið runnið upp að byggingum og að hluta yfir þær. Í neðri láginni er m.a. ein tóft sem hraunið hefur ekki náð að renna yfir og hefur verið talið líklegt að þar hafi verið kirkja eins og örnefni Kirkjulágar og Kirkjuflöt benda til. Hús þetta virðist hafa verið brúkað eftir að hraunið rann sem sést af því hve miklu greinilegri og hærri tóftin er heldur en þær sem hraunið hefur lagst upp að. Húsið hefur dyr í vestur og snýr eins og kirkjur hafa gert um aldir.

Þar sem segir frá Krýsuvík í dagbók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (31. mars 1755) og einnig í hinni prentuðu ferðabók þeirra (Eggert Ólafsson, 1772) er þess getið að hraunflóð hafi eytt kirkjustað sem Hólmastaður hét. Það átti að sögn heimamanna í Krýsuvík að hafa gerst tveim öldum áður en Eggert og Bjarni komu þar. Nafnið Hólmastaður bendir til að staðurinn dragi nafn af Húshólma en það nafn hefur hann vart fengið fyrr en eftir að Ögmundarhraun rann.

Landslag við bæjarrústirnar bendir til að bærinn hafi staðið nærri sjó, sennilega við austanverða vík, sem hefur verið hin eiginlega Krýsuvík, en hún hefur fyllst af hrauni í Krýsuvíkureldum. Í sjávarkampinn hafa menn sótt grjót í byggingar á hinu forna bæjarstæði í Krýsuvík.

Í Húshólma eru tveir garðar, sem hverfa inn undir hraunið. Efri garðurinn liggur þvert yfir hólmann og hefur að mestu verið hlaðinn þvert yfir hólmann úr torfi en þó sést í grjót á stöku stað. Allnokkur hluti hans er nú blásinn. Neðri garðurinn liggur í sveig vestast í hólmanum og er mun meira grjót í honum en þeim efri. Þessi garður mun marka það stykki sem nefnt var Kirkjuflöt. Efst í Húshólma er lítil fjárborg forn og niðri við gamla fjörukampinn er lítil hústöft.

Í Óbrennishólma eru tvö mannvirki. Annað er fjárborg sunnan til í hólma-



Gerði á Kirkjuflöt.

anum en hitt eru leifar af fjárrétt nyrst í honum og hefur Ögmundarhraun runnið að nokkru yfir og inn í hana (Jón Jónsson, 1982).

Gata liggur í Húshólma austan frá. Hún er greinilega rudd og er 2-3m á breidd og allgreiðfær. Augljóst er af ummerkjum að þessi vegagerð er ekki frá síðustu tímum.

Til að kanna aldur Ögmundarhrauns voru mæld nokkur gjóskulagasnið, bæði í jaðra hraunsins og utan þess. Á þessu svæði eru nokkur gjóskulög af þekktum aldri.

Þekktasta gjóskulagið á þessum slóðum er svonefnt landnámslag. Lagið er venjulega tvílítt, neðri hlutinn er ljós og efri hlutinn dökkur. Lagið hefur greinilega fokið til og því að líkindum fallið að vetri til. Þessi litaskipti hafa verið álitin marka upphaf búsetu í landinu (Þorleifur Einarsson, 1974). Lagið hefur verið notað til að ákvarða hvaða hraun á Reykjanesi hafa brunnið eftir að land byggðist (sbr. Jón Jónsson, 1983).

Annað nokkuð þekkt gjóskulag á Reykjaneseskaga er svonefnt miðaldalag. Reynt hefur verið að heimfæra það upp á eldgos sem getið er um í rituðum heimildum. Upptök öskulagsins eru í sjó við Reykjanestána. Leifar gígsins eru Karlinn, stakur drangur skammt undan landi, en hluti af gígbarminum er skammt norðvestur af Valahnúk og hefur yngra Stampahraunið runnið upp að honum.

Til eru fimm geislakolsaldursgreiningar, sem tengjast Ögmundarhrauni. Árið 1974 tók Þorleifur Einarsson tvö koluð sýni úr eldstæði í rústunum í Kirkjulágum (efri láginni) í Húshólma og lét aldursgreina þau. Niðurstaðan var 980+/-60 og 960+/-170. Sýnið ætti því að vera frá því um 1027 e.Kr. Jón Jónsson (1982) lét gera þrjár aldursgreiningar árið 1979 á koluðum gróðurleifum undan hrauninu. Niðurstöður mælinganna voru ártölin 1050, 1095, 1125, 1141 og 1148. Niðurstaðan var og sú að miðaldaöskulagið geti verið frá 1226/27.

Fátt er um sögulegar heimildir um eldgos á Reykjaneseskaga á þessum tíma og eru þær allknappar. Frá 1151 er getið um gos í Konungsannál, bls. 115, Oddaverjaannál, bls. 474 og Annál Flateyjarbókar, bls. 301. Árið 1188 segir frá gosi í Trölladyngju í Skálholtsannál, bls. 180.

Sigurður Þórarinnsson (1965) birti kort af Íslandi þar sem merkt eru inn gos á sögulegum tíma og þar telur hann eldgos í Trölladyngju á Reykjanesi vera 1151, 1188 og 1360, en telur þó síðastnefnda ártalið óvísst.

Þegar gögn eru skoðuð hníga ýmis rök að því að Ögmundarhraun hafi runnið á 12. öld og engin ástæða er til að véfengja frásagnir annála af gosi 1151. Eldgosið sem varð 1188 gæti hafa verið á svipuðum slóðum og hluti af sömu goshrinu. Þar sem svo langt hefur liðið milli goshrina þá er hugsanlegt að seinna gosið hafi verið mun minna.

Sem fyrr segir eru til lýsingar Herberts kapelláns í Clairvaux í Frakklandi á hraunrennsli í sjó á Íslandi. Þar lýsir hann hrauni, sem rann í sjó fram á Íslandi á 12. öld og þá fyrir 1188. Þar sem hraunrennsli í sjó á þessum tíma er aðeins þekkt frá Krýsuvíkureldum renna skrif kapellánsins frekari stoðum undir þá skoðun að Ögmundarhraun hafi runnið 1151.



Skálatóft í Kirkjulágum – forsiðumynd.

Grafið var eitt snið í gegnum efri garðinn í Húshólma og reyndist það forvitnilegt. Garðurinn er mjög vel varðveittur. Pælan, sem stungin hefur verið með garðinum beggja vegna til efnistöku, sést greinilega af litaskiptum í jarðvegi og er hún um 10-15 cm djúp í sniðinu. Neðst í pælunni norðan megin við garðinn var dreif af landnámslaginu en hún lá ekki inn undir garðinn svo það hefur fallið eftir að hann var hlaðinn.

Miðaldalagið liggur upp að garðinum beggja vegna. Hann er því hlaðinn fyrir árið 900, en þegar miðaldalagið féll um 1226/27 var verulega fokið að honum.

Einnig var grafið snið við fjárborgina efst í Húshólma og þar lá miðaldalagið upp að veggheðslunni og er hún því allnokkru eldri en öskulagið.⁴⁸

Samkvæmt framangreindum rannsóknum virðist sá hluti Ögmundarhrauns, sem umlukti rústirnar í Húshólma hafa runnið 1151. Garðurinn, sem rannsakaður var, virðist hafa verið hlaðinn fyrir 900. Það er því fullljóst að þarna er um mjög fornar minjar að ræða.

Jón Jónsson, jarðfræðingur, gerði merkilega rannsókn á öllum Reykjaneskaganum árið 1978, en þá taldi hann Ögmundarhraun geta hafa runnið um árið 1005. Ljóst er að um nokkur hraun er að ræða. Ef til vill hafa sum þeirra runnið á svipuðum tíma úr mismunandi gígum, en önnur eru greinilega bæði eldri og yngri.⁴⁹

Sveinbjörn Rafnsson 1982

Sveinbjörn Rafnsson skrifaði um aldur Ögmundarhrauns í afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni, jarðfræðingi.⁵⁰ Eftirfarandi er úr greininni:

48 Krýsuvíkureldar I - Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins - Haukur Jóhannesson og Sigmundur - Jökull nr. 88, 1988.

49 Sjá ritgerð JJ um hraun á Reykjaneskaganum - Jarðfræðikort 1978.

50 Sveinbjörn Rafnsson - Ögmundarhraun - „Eldur í norðri“ - afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni, jarðfræðingi - 1982.



Stígur norðan Húshólma – Krýsuvík-Mælifell fjær.

Annað hraun á Reykjanesskaganum úfið og ungt, sem ruddur var vegur um fyrrum var Ögmundarhraun. Dálítið er af sögum og sagnbrigðum um veginn yfir Ögmundarhraun. Elsta skráða sögnin um hraunið er líklega hjá Sveini Pálssyni frá 1796. Þar er sagt frá því að Ögmundur nokkur hafi rutt veg um hraunið og verið myrtur að launum austan við það, þar sem sé dys hans. Sveinn virðist stinga upp á að dysin sé leyfar af tollbúð Ögmundar.⁵¹

Á nítjándu öldinni voru svo skráðar ítarlegri sagnir um Ögmundarhraun. Jón Vestmann prestur í Selvogi skráir sögu um Ögmund og Ögmundarhraun tvisvar á fyrri hluta 19. aldar. Hjá honum er sagan lík um Ögmund nema þar vinnur hann við vegargerðina til að fá dóttur bónda (á Ísólfskála 1818 og í Krýsuvík 1840) sér til handa, en bóndi drepur hann sofandi áður en hann fær hennar. Í sögu Brynjúlfs frá Minna-Núpi, sem hann skráði á síðari hluta 19. aldar er Ögmundur kallaður berserkur.

Sagan um Ögmund er auðvitað skyld sögunni um berserkina og Berserkjahraun, sem sagt er frá í Eyrbyggju eins og Þorvaldur Thoroddsen benti á fyrir löngu. Eins og sjá má virðist sagnamyndunin um staðinn ekki ýkja gömul og hafa þróast á 18. og 19. öld.⁵²

Allt frá útgáfu ferðabókar Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar hafa lýsingar á byggðaleifum í Ögmundarhrauni verið almennt kunnar. Í ferðabókinni segir: „...at Innbyggerne I og nær ved Kriseviig, viide at fortælle om en forskrækkelig Jordbrand, som... har skikket en Ildström neð til Søekanten, og ödelagt nogle Gaarde paa den Strækning, hvor Ögmundshraun nu ligger, og iblandt disse er Kirkestedet kaldet Holmastadur, hvor man endnu seer Stykker af Kirke-Gaarden og Huuse-Toftene“.⁵³

Jón Vestmann lýsir einnig byggðaleifum þarna og nefnir Húshólma árið 1818 og segir að ein tóftin, sem snúi eins og kirkja, sé talin gamalt goðahof.

51 Sveinn Pálsson. Ferðabók. Reykjavík 1945, bls. 661.

52 Þorvaldur Thoroddsen. Ferðabók I. Kaupmannahöfn 1913, bls. 187.

53 Eggert Ólafssens og Bjarne Povelsens. Reise igennem Island. Sorøe 1772, bls. 1024-5.

Enn lýsir Jón Vestmann byggðaleifunum í Húshólma árið 1840.⁵⁴ Fram að tíma Brynjúlfs hafði þess ekki verið getið að byggðaleifar eldri en Ögmundarhraun væru ekki einungis í Húshólma, sem er nærri austurjaðri hraunsins, heldur einnig í Örennishólma, sem er nokkuð vestar í hrauninu en Húshólmi. Telur Brynjúlfur það af þessum ummerkjum ekki efamál að kirkjustaðurinn Krýsuvík og bæir „ef til vill eigi allfáir“ hafi farið undir hraunið. Tilgáta Brynjúlfs er sennileg ef hverfisbyggð hefur verið á þessum stað þegar Ögmundarhraun rann, eins og tíðkast á Suðurlandi, frá Kjós og austur í Lón. Í Jarðatali Johnsens eru t.d. taldar 7 hjáleigur í Krýsuvíkurbær. Þorvaldur Thoroddsen lýsir einnig byggðaleifunum í ritum sínum og hefir greinilega mælt þær.⁵⁵

Verbúðir og fiskbyrgi á Selatöngum eru yngri en Ögmundarhraun enda úr því hlaðin. Á þá verstöð er fyrst minnst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (sjá rit Ferðamálafélags Grindavíkur um Selatanga - 2004). Loks verður að geta þess að Ólafur Þorvaldsson hefur nokkuð lýst staðhátum á þessum slóðum í fróðlegum þáttum um Krýsuvík og mannlíf þar í byrjun þessarar aldar.⁵⁶

Fræðimenn hafa metið aldur Ögmundarhrauns á tvennan hátt. Annars vegar af athugun á sjálfu hrauninu og legu þess, hins vegar af ritheimildum, fyrst og fremst annálum, um gos á þessum slóðum.

Af útgáfu ferðabókar Eggerts og Bjarna er ljóst að þeir telja Ögmundarhraun nýlegt hraun, „en nye opkommen sæl Egn“.⁵⁷ Að hraunið sé ekki ýkja gamalt er einnig skoðun Jónasar Hallgrímssonar.⁵⁸ Þorvaldur Thoroddsen kveður hins vegar upp úr um það að hraunið sé yngst allra hrauna sem þarna séu. Athugaði Þorvaldur Ögmundarhraun sérstaklega árið 1883 og birti síðar af því kort.⁵⁹ Þannig var fræðimönnum ljóst af Húshólmarústunum, allt frá tímum Eggerts og Bjarna, að hraunið var yngra en Íslandsbyggð og eftir



Ögmundarstígur (Hlínavvegur).

54 Frásögur um fornaldaleifar 1817-1823, bls. 227.

55 Þorvaldur Thoroddsen. Ferðabók I. Kaupmannahöfn 1913, bls. 186-7.

56 Ólafur Þorvaldsson 1949. Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943: 81-95.

57 Eggert Ólafssens og Bjarne Povelsens, Reise igennem Island. Sorøe 1772, bls. 930.

58 Jónas Hallgrímsson. Rit IV. Reykjavík 1934, bls. 28 og 165-6.

59 Þorvaldur Thoroddsen. Ferðabók I. Kaupmannahöfn 1913, bls. 186-9.

Húshólmi - uppdráttur
Teikning: Ómar Smári Ármannsson

Húshólmi
ÖGMUNDARHRAUN
Höll
Tóft
Hólmasund
ÞYRSKLINGA STEINN
REKAGATA
GAMLA BORG
STÍGUR
STEKKUR
HLEDSIA
VARGA
BYRGI
GERDI
SKALI
KIRKJUTÓFT
KIRKJUFÖT
KIRKJULAGAR
GARDUR
STÍGUR
VARGA
ÖGMUNDARHRAUN

Dinnur 5/505
- ÖNÁKLEMT -

[illegible][illegible]

könnun Þorvalds varð ljóst að það var með yngstu hraunum á Reykjanes-skaganum.

Íslenskir jarðfræðingar á þessari öld hafa auðvitað ýmsir skoðað Ögmundarhraun. Einhver merkasti áfanginn í rannsóknunum á því í seinni tíð hlýtur þó að teljast hið ítarlega jarðfræðikort Jóns Jónssonar, jarðfræðings, af Reykjanesskaga, sem út kom 1978. Jón lýsir upptökum hraunsins, útbreiðslu og samsetningu. Hann telur að það þeki 16 ferkílómetra lands og ætlar að það muni vera um 0,32 rúmkílómetrar. Af korti Jóns má glöggva sig á legu og stærð Óbrennishólma og Húshólma í hrauninu.⁶⁰

Ritheimildir og tilraunir fræðimanna hafa miðað að því að koma við algeru (absolut) tímatali í árum eftir Kristburð. Eins og fyrri daginn ríður útgáfa ferðabókar Eggerts og Bjarna á vaðið. Þar er fjallað um Trölladyngjur, sem minnst sé á í annálum miðalda, en það séu eldfjöll sem gert hafi usla á Suðurlandi. Er á það bent að á Reykjanesskaga sé fjall sem sé kallað Trölladyngja og talið að það nafn hafi ef til vill átt við fleiri fjöll á þessum slóðum. Enn fremur segir frá því að uppteiknanir Gísla biskups Oddssonar séu eina ritið sem geti um gos í Trölladyngju 1340 og er látið að því liggja að þá hafi Ögmundarhraun kannski runnið.⁶¹

Snemma á níttjándu öld var hafin útgáfa Árbóka Íslands eftir Jón Espólín. Í fyrsta bindi þeirra er annálagrein,⁶² sem er nær samhljóða annálagreininni í riti Gísla um gos í Trölladyngju, eini verulegi munurinn er ársetning gossins. Espólín telur það 1390, en Gísli og útgáfa ferðabókarinnar um 1340. Eftir útgáfu Jóns Jóhannessonar á Sjávar-borgarannál er ljóst að þar er komin heimild Espólíns um Trölladyngjugosið.⁶³

Með útgáfu ferðabókar Eggerts og Bjarna og útgáfu Árbóka Espólíns var markaður sá bás sem aldursákvarðanir Ögmundarhrauns áttu eftir að velkjast í á 19. öld. Jónas Hallgrímsson stendur ráðþrota frammi fyrir þessum heimildum og veit ekki hvort hann á heldur að telja hraunið runnið 1340 eða 1390.⁶⁴ Þorvaldur Thoroddsen virðist heldur ekki kunna lausn á þessum ágreiningi, en tilfærir báðar heimildirnar og telur þær ef til vill eiga við Ögmundarhraun.⁶⁵

Þó reynir Þorvaldur að höggva á hnútinn með því að vitna í aðrar ritheimildir en annála. Jón Þorkelsson setti fram tilgátu í sambandi við leshátt í gömlu

kvæði um krossinn helga í Kaldaðarnesi frá 16. öld.⁶⁶ Þessi tilgáta var því miður slæm. Í Kvæðinu stendur þetta vísuorð í 23. vísu: „Út á mitt kom orgnisraun“ (eða oguisraun). Þessu síðasta orði í vísuorðinu vill Jón breyta og lagfæra í Ögmundarhraun. Þessa lagfæringartilgátu Jóns taldi Þorvaldur að mætti nota sem aldursmark við tímasetningu Ögmundarhrauns.⁶⁷

Ögmundarhraun er ekki upp-runnið úr Trölladyngju og þurfa þá tímasetningar gosa í einhverri Trölladyngju ekki að skipta máli hvað varðar aldur þess. Ekki er unnt að reiða sig á neina þeirra ritheimilda sem nefndar hafa verið um aldur hraunsins.

Í dagbók Eggerts og Bjarna, en þeir munu hafa verið í Krýsuvík 1755,⁶⁸ eru upplýsingar, sem fólk í Krýsuvík hefur gefið þeim félögum. Hraunið rann samkvæmt lýsingu þess um miðja 16. öld og kirkjustaður varð fyrir barðinu á því. „Om Efter middagen forloed vi Krisevigen með alla, og Reiste moed NV, først over et Nyt hraun, Ögmundarhraun Kaldet, dette Steenfloed Har for omtrent 200 aar siden, brændt og rundet Ned fra fioldene hen til Søen over 2 miile lang vey...!“⁶⁹ Erfitt er að segja hvers vegna þessari frásögn var sleppt í prentútgáfunni af Ferðabókinni 1772.

Örnefnið Ögmundarhraun finnst ekki í eldri heimild en ofangreindri dagbók þeirra Eggerts og Bjarna frá 1755. Öðru máli gegnir um Húshólma, þar sem örnefnið kemur fyrst fyrir í heimild frá byrjun 17. aldar. Í handritinu AM 66a 8vo, sem er bók með ýmsum gögnum úr embættistíð Odds Einarssonar biskups, er á bls. 55r-56v afhending séra Gísla Bjarnasonar á Krýsuvík til séra Eiríks Stefánssonar árið 1609. Er það úttekt á húsum og búfé og fylgir trjáreikningur, þ.e. upptalning rekatrjáa á Krýsuvíkurfjörum frá sama ári.⁷⁰ Örnefni á rekaförunum eru greinilega talin frá vestri til austurs. Þar er getið um Selatanga, Húshólma, Bergsenda, Sandskriðu og Keflavík. Húshólmi virðist ekki til í eldri heimild en trjáreikningum frá 1609. Þess verður að



Varða við Kirkjulágar.

60 Jón Jónsson. Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. OS JHD 7831. Apríl 1978. I. Skýringar við jarðfræðikort, bls. 161-4. Jarðfræðikort, bls. 9 og 12.

61 Rit Gísla biskups Oddssonar er latínuskrif hans Annalium farrago, annálabrot.

62 Jón Espólín 1821. Íslands Árbækur. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn. bls. 132.

63 Annálar 1400-1800, IV. Reykjavík 1940-48, bls. 236.

64 Jónas Hallgrímsson, Rit IV. Reykjavík 1934-37, bls. 28 og 165-6.

65 Þorvaldur Thoroddsen, Geschichte der isländischen Vulkane. Köbenhavn 1925, bls. 182-5.


66 Jón Þorkelsson. Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede. Köbenhavn 1888, bls. 71.

67 Þorvaldur Thoroddsen. Ferðabók I. Kaupmannahöfn 1913, bls. 187.

68 Eggert Ólafsson 1772. reise igiennem Island. I. bindi. Soreoö. 1042 bls.

69 Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi 1752-1757. Örn og Örlygur 1978.

70 Dipl. Isl. IX, bls. 289-90.



Ímynduð byggð við Krýsuvík.

arkirkja í Krýsuvík. Til eru og heimildir frá 14. öld um Krýsuvík og er ljóst af þeim að þá er staður (beneficium) í Krýsuvík. Staðarprestarnir í Krýsuvík koma einnig glöggst í ljós í þeim heimildum frá 15. öld, sem nefndar eru í sambandi við rekaítök Viðeyjarklausturs í Krýsuvík.

Heimildir frá 15. öld eru til fleiri. Máldagi Krýsuvíkur, samhljóða framan af fyrsta hluta Krýsuvíurmáldaga í Vilkinsbók um rekana, er til varðveittur úr tíð Magnúsar Eyjólfsssonar Skálholtsbiskups (1477-90). Ennfremur er til varðveitt stutt minnisgrein um það að árið 1496 hafi Stefán Jónsson Skálholtsbiskup látið meta byggingarnar á Krýsuvíkurstað, kirkjuna „og staðinn allan með hjáleiguhúsum innan garða“.

Árið 1525 á séra Guðmundur Steinsson „beneficiator“ í Krýsuvík viðskipti við Viðeyjarklaustur með milligöngu Ögmundar Pálssonar Skálholtsbiskups. Engan bilbug virðist þannig vera að finna á Krýsuvíkurstað á kaþólskum tímum.

Ekki virðist vegur Krýsuvíkurstaðar heldur fara minnkandi í tíð Marteins Einarssonar Skálholtsbiskups, en frá honum er til Krýsuvíurmáldagi 1553-54. Greinilegur lútherskur keimur er af talinu um fánýtar bækur í kirkjunni en þar segir einnig að „kirkja góð“ sé í Krýsuvík.⁷¹

Gísli Jónsson varð Skálholtsbiskup eftir Marteini árið 1558 og var þar til dauðadags 1587. Úr biskupstíð Gísla eru varðveittir allmargir máldagar. Þau ártöl, sem þar koma fyrir, eru á tímabilinu 1574-79.⁷² Þar er máldagi Krýsuvíkurstaðar með sama miðaldaforminu og áður, rekaskipanin talin, en innanstokksmunir og ornament líkt og í Marteinsmáldaga.⁷³ Það er í biskupstíð Gísla sem Krýsuvík er lögð niður sem beneficium og alkirkjustaður og var það

geta sérstaklega að í þeim lýsingum frá síðari tímum sem til eru, er Húshólmi talinn einn þeirra staða þar sem hvað rekasælast er á Krýsuvíkurrekum. Húshólmi markast af Ögmundarhrauni og verður þessi elsta heimild um hann þá einnig elsta ótvíræða ritheimildin um tilvist hraunsins.

Af kirknaskrá Páls Jónssonar Skálholtsbiskups frá því um 1200 virðist ljóst að þá sé komin prestskyld-

gert með dómi höfuðsmanns Páls Stígssonar 27. september 1563.⁷⁴ Það er því víst að Krýsuvíurmáldaginn úr biskupstíð Gísla er frá árabílinu 1558-63.

Af öllu framansögðu er ljóst að líklega hefur hraunið ekki runnið fyrir en Gísli biskup hafði vísitarað í Krýsuvík, a.m.k. einu sinni. Ögmundarhraun hefur þannig líklega brunnið seint á árabílinu 1558-1563.⁷⁵

Ólafur Þorvaldsson 1961

Í skrifum sínum um Krýsuvíurkirkju að fornu og nýju, segir Ólafur Þorvaldsson m.a. eftirfarandi:⁷⁶

„Eftir öllum líkum mun óhætt að segja, að kirkja hafi verið í Krýsuvík í átta til níu aldir. Ég held, að sögu Krýsuvíurkirkju sé þannig farið, að erfitt sé að rekja hana, í það minnsta fyrstu aldirnar, svo öruggt samhengi fáist. Ég held, að margur myndi hnjóta um það spursmál, hvar fyrsta kirkja Krýsuvíkur hafi verið reist, hvenær, og hver hana lét gera. Við þessum spurningum höfum við hvergi getað fengið fullnægjandi svar.

Í Landnámabók Ara Þorgilssonar segir svo: „Þórir haustmyrkur nam Selvog og Krýsuvík.“ Einar Arnórsson prófessor telur líklegt, að Þórir haustmyrkur hafi komið nokkuð seint út. Fyrir þessu færir hann þau helst rökum að „Súgandi“, þriðji maður frá Þóri, ætti að vera uppi um 1000.

Landnám Þóris er því að nokkru í Gullbringusýslu, en sýslumörkin telja, að kirkjan hafi ekki löngu eftir kristnitöku verið byggð í Krýsuvík. Yfir hinu mun hvíla algjör óvissa, svo sem fyrr er á minnst, hvar og af hverjum sú kirkja var byggð.

Elsta heimild, sem mér er kunn um kirkju í Krýsuvík er, að um 1200 er hennar getið í kirknaskrá Páls biskups. Kirkjan er talin Mariukirkja, og á heimaland allt, ásamt Herdísarvík og níu mæla lands á Þórkötlustöðum, auk ítaka.

Eftir það er Krýsuvíurkirkju getið í ýmsum máldögum allt fram undir 1600. Flestir máldagarnir fjalla um eignir kirkjunnar fastar og lausar, ítök o.fl., og ber víðast fátt á milli, utan þá orðalag.

Allt bendir til, að Krýsuvíurkirkja hafi aldrei rík verið af lausafé. Hitt mun heldur mega telja, að fram eftir öldum hafi hún eftir öllum bréfum að dæma mátt teljast allveg á vegi stödd í föstum eignum, þar sem hún hefur átt allt land sóknarinnar, byggt og óbyggt, og meira þó, það er hún átti einnig Herdísarvíkina, bestu verstöð í Selvogi, landríka vildisjörð, og lágu lönd saman. Auk þessa ýmis ítök.

71 Dipl. Isl. IX, bls. 289-90.

72 Dipl. Isl. XII, bls. 663. Allt form máldagans er eins og á máldögum frá Marteini og tímasetning hans því örugg.

73 Dipl. Isl. XV, bls. 545-713.

74 Dipl. Isl. XV, bls. 641.

75 Dipl. Isl. XIV, bls. 158-9.

76 Úr Krýsuvíurkirkju að fornu og nýju - Ólafur Þorvaldsson - Alþýðublað Hafnarfjarðar - jónablað 1961.



Gengið út úr sunnanverðum Húshólma.

bær er þá í sókninni“. Eitthvað hefur þetta ömurlega hlutskipti þess byggðarlags varðað, því að með bréfi 27. september 1563 leggur Páll Stígsson hirðstjóri, í samráði við Gísla Jónsson biskup í Skálholti, niður sóknarkirkju í Krýsuvík, og leggist hún og eitt kot „sem þar er hjá“, til Strandarkirkju í Selvogi. Þó skal í Krýsuvík standa lítið húskorn“

Krýsuvíkurkirkja virðist þó standa eftir sem áður. Árni Magnússon telur hana útkirkju frá Strönd. Svo er og í kirkjuskra 1748, og enn í prestakallaskipunarlögum frá 1880.

Með prestakallalögum 1907 er Krýsuvíkursókn lögð til Staðarprestakalls í Grindavík. Loks er með stjórnarráðsbréfi 21. október 1929 Krýsuvíkurkirkja lögð niður og sóknin sameinuð Grindavík (Stjt. 1929 B. 305).

Með þessari síðustu ráðstöfun mætti ætla, að lokið væri sögu Krýsuvíkurkirkju hinnar fornu. Þó má segja enn sem fyrr, að kirkjan stendur eftir sem áður, - en mennirnir viðurkenna hana ekki lengur. - Ég fæ ekki betur séð en við þetta yfirgefna hús, sem einu sinni var guði vígt, hafi komið fram hinn sami „huldi verndarkraftur“, sem Jónas kveður um í Gunnarshólma.

Það má segja, að frá 1563-1929 hafi Krýsuvíkurkirkjusókn verið í útlegð, eða í 366 ár. Í 344 ár var hún á vist hjá Strandarkirkju í Árnessýslu og í tuttu og tvö ár hjá Staðarkirkju í Grindavík, þ.e. frá 1907-1929. Það ár er kirkja lögð niður í Krýsuvík. Eftir það eiga Krýsvíkingar kirkjusókn til Grindavíkur. Löng kirkjugata það.

Árið 1929, þegar kirkjan var lögð niður, eru þrjár fjölskyldur í sókninni, ein mannmörg, tvær miðlungi stórar. Þá mun hafa verið búið að ákveða vegarlagningu um Krýsuvík, ef hún hefur ekki þegar verið hafin“.

Ólafur kemst ekki að niðurstöðu um hvar kirkja í Krýsuvík hafi verið staðsett. Hann spyr einfaldlega: „Yfir hinu mun hvíla algjör óvissa, svo sem fyrr er á minnst, hvar og af hverjum sú kirkja var byggð“.

Hitt er ljóst, bæði af íslenskum heimildum svo og ferðabókum erlendra, sem um landið reistu og til Krýsuvíkur fóru, flestir til athugunar jarðhita og brennisteini, að meðal sóknarmanna hafi þar oftart ríkt fátækt en auður, jafnvel svo, að til landauðnar dró á tímabili. Ég skal nefna hér eitt dæmi þessu til stuðnings. Árið 1553-’54 telur Marteinn biskup „kirkju þar góða, - en enginn

Stefán Stefánsson 1967

Stefán Stefánsson (1878-1944), leiðsögumaður, þekkti mjög vel til í Krýsuvík. Hann skrifaði m.a. eftirfarandi um Húshólma og Ögmundarhraun:⁷⁷

„Svo er talið, að Ögmundarhraun hafi runnið (eða brunnið, eins og Snorri goði mundi hafa orðað það) um miðja 14. öld. Um stað þann, sem nú er kallaður Húshólmi, þar sem er miklu eldra hraun undir gróðrinum en Ögmundarhraun er, hefur hraunstraumurinn klofnað. Hefur önnur álman runnið fyrir vestan hólma þennan, en hin fyrir austan hann og báðar beint í sæ út. Rétt austan við vestari hrauntunguna eru bæjarrústir nokkrar, og er auðsætt, að eitthvað af húsunum hefur orðið undir hraunstraumnum. Er og almennt álitid, að þarna hafi bærinn Krýsuvík upphaflega staðið, enda lítt hugsanlegt, að bænum hafi verið valið víkurnafnið, ef hann hefði frá öndverðu verið þar, sem hann nú er, nálega hálfa fimm kílómetra frá sjó, enda ekki um neina vík neins staðar að ræða. Bæjarrústir þessar eru og enn þann dag í dag jafnan nefndar gamla Krýsuvík eða Krýsuvík hin forna. Suður og suðvestur af bæjarrústum þessum verður lögð nokkur í hraunstrauminn, og álíta sumir, að einmitt þar hafi víkin sjálf verið, sú er bærinn dró nafn sitt af rétt vestan við Húshólmann við Húshólmafjöruna. Kirkjuflöt heitir og rétt hjá rústunum.“

Þörf á ítarlegri rannsókn

Mikilvægur þáttur fornleifaverndar er varðveisla minja, rannsóknir og varðveisla upplýsinga. Mikilvægt er fyrir þjóðina að vernda minjar; hlúa að menningararfi hennar.

Skv. Þjóðminjalögum lætur Fornleifavernd, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar.⁷⁸

Mikilvægt er að vettvangsskoða og skrá vandlega allar fornleifar á Húshólmasvæðinu sem og á aðliggjandi svæðum. Þá þarf að gera áætlun um frekari rannsóknir á svæðinu, bæði með hliðsjón af aldri minjanna og hraunsins. Rannsaka þarf garða, tóftir og grafreit með hliðsjón af aldri, tilurð og hugsanlegum menningar- og búsetu-minjum.

Rannsóknir, s.s. fornleifaskráning, hafa farið fram í og við Húshólma, sam-anber m.a. framangreindar athuganir Brynjúlfs, rannsóknir Sigurðar Þórarinssonar, Jóns Jónssonar og Hauks og Sigmundar og nú síðast skráning Bjarna F. Einarssonar vegna fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar.

Í fornleifaskráningu Bjarna kemur m.a. fram að fjárborgin í Húshólma er

77 Úr sunnudagsblaði Tímans 2. júlí 1867 - Stefán Stefánsson - Krýsuvík og Krýsuvíkurland - Stefán Stefánsson - II. hluti

78 Þjóðminjalög 107/2001.

eldri en frá 1226, garðar eru sagðir eldri en 1550 sem og tóftir við hólmann.

Suðurstrandarvegur hefur á undanförunum árum fengið talsverða athygli, en nokkrar rannsóknir hafa farið fram á svæði er ætlað hefur verið fyrirhugaðri legu hans, m.a. í gegnum Ögmundarhraun. Um tíma var ein hugmynd að leggja veginn í gegnum ofanverðan Húshólma. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess m.t.t. verndunarsjónarmiða minjanna.

Bjarni gerði athugasemdir við umsagnir vegna Suðurstrandarvegar í mars 2001.⁷⁹ Í þeim kemur m.a. fram að „getið hefur verið um fyrirhugaða lagningu Suðurstrandarvegar þar sem hann liggur m.a. í gegnum Ögmundarhraun m.a. með tilliti til fornleifa.

„Fornleifafræðistofan hefur fengið til athugunar umsagnir fjögurra aðila um tillögu að matsáætlun Suðurstrandarvegar.

Allar eru ábendingarnar sem fram koma góðar og eru umsagnaraðilar sammála þegar svo ber undir. Þó er einn staður sem umsagnaraðilar eru ekki sammála um, en það er Húshólmi í Ögmundarhrauni í landi Grindavíkur. Þjóðminjasafn, Hafnarfjarðarbær og Landmótun leggja til að hinn fyrirhugaði vegur verði færður upp fyrir hólmann, en Grindavík mælir með því að hann verði lagður í gegnum hann.

Rökin með færslunni upp fyrir Húshólma eru þau að um samfellt minjasvæði frá Húshólma, Fitjum og að Selöldu sé að ræða og að færsla vegarins komi betur út vegna tengingar við Ísólfskálaveg, þ.e.a.s. aðkomu að Krýsuvíkurbærvið að sunnan (Landmótun og Hafnarfjarðarbær).

Rök Grindavíkur með því að hafa veginn í gegnum Húshólma eru nokkur: Þau eru; öryggisatriði varðandi hugsanlegan sjávarháska, öryggi gagnvart snjóalögum og skemmti- og fagurfræðilegt gildi vegna ferðamanna. Einnig er bent á að leiðin muni liggja nærri fornminjum og áhugaverðum stöðum sem ekki hafa notið sín eins og verðugt væri hingað til. Þjóðminjasafnið tekur undir þetta sjónarmið en mælir þó gegn legunni. Því ber að álykta að eina röksemdin fyrir færslu vegarins norður fyrir Húshólma sé samfellt minjasvæði.“

Bjarni telur hins vegar að Húshólmi og Selalda eigi fátt annað sameiginlegt en að á þeim séu fornleifar. Hinar fornu rústir í Húshólma séu mun eldri en rústirnar við Selöldu og af allt öðrum toga. Einnig megi benda á að svæðin séu í sitt hvoru sveitarfélaginu og að þau hafi ólíkar skoðanir til umgengis og verndunar minjanna á þeim. Bjarni telur að Húshólminn sjálfur sé merkilegt fyrirbæri, en það sé allt önnur saga.

Skráning fornminja er einn þáttur rannsókna. Í Húshólma þarf að skrá allar

fornminjar, hvort sem um er að ræða tóftirnar vestan hólmanns, garða, fjárborg, rétt/stekk, gerði, refabyrgi, tóft ofan við Hólmasund, gerði vestan í Ögmundarhrauni, stíga og annað er tengst gæti og skapað heilstæða mynd af minjasvæðinu. Færa þarf upplýsingarnar inn á aðgengilega kortagrunna, merkja minjar, gera ráðstafanir til að varðveita þær, gera ráð fyrir reglubundnu eftirliti eða vöktun á svæðinu og koma á góðu samstarfi við framkvæmda- og hagsmunaaðila tengdum svæðinu.

Í grein á vefsíðu Fornleifafræðistofnunar segir Bjarni m.a. að „samband náttúru og menningar hefur verið manneskjunn hugleikið allt frá tímum Forn-Grikkja. Menn sáu snemma sambandið á milli menningar og umhverfis og vægi náttúrunnar í örlögum mannsins.

Manneskjan hefur lagað sig að ólíkustu aðstæðum. Því nær sem dregur nútímanum þeim mun stórtækari er mótun hennar á umhverfinu. Maðurinn hefur tekið meira úr umhverfinu en hann skilar til þess og til frambúðar getur það aðeins þýtt einn hlut ef ekki verður að gáð: stórslys. Og í þessu sambandi á ég ekki aðeins við hið náttúrulega eins og hráefni ýmisskonar, ég á einnig við leifar eftir gengnar kynslóðir en þær eru jafn mikilvægur hluti af umhverfinu og vatnið, grösín og bergið. Umhverfi samanstendur nefnilega bæði af náttúrulegum og menningarlegum þáttum. Hin mikla og nauðsynlega umræða sem tengist umhverfismálum og virðist fara vaxandi hér á landi, hefur því miður nær einvörðungu snúist um hið fyrrnefnda. Nú er tími til kominn að gefa hinu síðarnefnda gaum.

Hinn menningarlegi þáttur umhverfisins er rústir og önnur verksummerki manna, örnefni og ýmsir staðir sem tengjast trú manna, sérstökum atburðum eða verkmenningu þjóðarinnar. Slíkt umhverfi í félagi við hið náttúrulega köllum við menningarlandslag. Menningarlandslagið er mikilvægt fyrir sjálfsvitund einstaklinganna. Það eru minningar sem tengjast forfeðrunum, þeim sjálfum og sögunni. Þeir eru hluti af menningarlandslaginu.

Þegar á heildina er litið er það bæði lífríki einstakra staða og mannvistarleifarnar sem gera þessa þjóð að því sem hún er.

Menningararfurinn er ekki aðeins fólgin í handritunum okkar, tungunni eða því sem söfnin geyma. Hann er að verulegu leyti einnig fólgin í rústunum sem finnast út um allt land. Í þeim er fólgin saga, sem hvergi er geymd



Garður í Kirkjúlágum.

79 Bjarni F. Einarsson - Umsögn vegna Suðurstrandarvegar - mars 2001.

annarsstaðar. Þær eru lykillinn að skilningi okkar á gripunum, sem horfið hafa úr sínu eðlilega umhverfi inn á söfnin og sumar rústanna geta einar varpað ljósi á líf alþýðunnar og hlutskipti hennar í lífsbaráttunni. Íslensk þjóð varð þjóð á meðal þjóða í húsum, sem nú eru rústir einar. Rústirnar skipta okkur því nákvæmlega jafn miklu máli og rústir annarra þjóða skipta þær, þó svo að þær séu ekki jafn miklar að vexti og ekki úr jafn varanlegum efnum og rústir margra annarra þjóða. Minnimáttarkennd okkar Íslendinga í þessum efnum er athyglisverð, en hún stafar fyrst og fremst af vankunnáttu okkar um þessi mál og þeirri staðreynd að við höfum ekki skilið þýðingu rústanna fyrir þjóðarímyndina. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér. Mikilvægi rústanna nær að auki út fyrir landsteinana og má t.d. benda á þá staðreynd að erlendis hefur plógurinn meira eða minna afmáð híbýli bænda frá víkingaöld. Hér á landi tíðkuðust aðrir búskaparhættir, sem hlífðu þessum tegundum rústa. Þær varpa því ljósi á hlutskipti manneskjunnar í norrænum veruleika.“

Mikilvægt er að hafa í huga að þótt minjar á nálægum svæðum séu ekki frá sama tíma eða jafnvel minjar innan tiltekins svæðis, geta þær sem heild eftir sem áður verið jafn merkilegar. Þær geta lýst og endusagt búsetu-, atvinnu- og nýtingarsögu svæðisins til lengri tíma. Á Selatöngum er t.d. saga vermennsku og sjósóknar, fiskverkunar, mannlífs og draugagangs í veri.⁸⁰

Í Húshólma eru væntanlega frumbúsetuminjar og nýting svæðisins til fjárhalds og undir Selöldu er m.a. saga seljabúskapar fyrr á öldum og væntanlega búskapar á síðari öldum. Allt getur þetta vel spilað saman og bæði stuðlað að fjölbreyttri nýtingu og áhrifaríkri upplýsingagjöf til handa áhugasömu fólki.

Hvað á að rannsaka?

Minjavernd byggir á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriðið sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð, skipulag og varðveislu svæða.

Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabygð auk nýbygginga og framkvæmda í þéttbýliskjörnum. Í Húshólma hafa minjarnar varðveist svo vel sem raun ber vitni vegna þess að þær hafa verið tiltölulega óaðgengilegar inni í hrauni og jafnvel þótt áhugasamt fólk hafi reynt að finna þær hefur því reynst það erfitt. Sama á við um minjarnar í Öbrennishólma. Aðrar minjar á svæðinu, þ.e. Selatangar að vestanverðu, hafa um allnökkurt skeið verið aðgengilegar fólki, en þrátt



Gamla bergið syðst í Ögmundarhrauni – austan Húshólma.

fyrir hversu nærtækar þær hafa verið, hefur furðu mörgum reynst erfitt að finna þær. Verminjunum þar hefur helst stafað hætta af ágangi sjávar, enda má sjá mikinn mun á minjunum er standa næst sjónum frá því einungis fyrir nokkrum árum síðan. M.a. hefur sjórinn nýlega brotið niður hluta eins heillega verkshússins af þremur. Eftir standa tvö, en þau gætu einnig hæglega farið forgörðum í einhverjum stórsjónum einn vöndan veðurdag. Að austanverðu stafar minjunum undir Selöldu ekki ógn af fólki vegna þess hve fáir vita af tilvist þeirra. Þar eru jarðvegseyðingaröflin hins vegar ógnandi skaðvaldur.

Framangreinar minjar eru ekki allar aðgengilegar eða sýnilegar, og því er full ástæða til að koma upplýsingum um þær á framfæri við ferðamenn og almenning og auka þannig útivistargildi svæðisins að hluta eða í heild. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, þá er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir skólafólk eða ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda, að skoða. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvert eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegar á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum. Fyrir ferðapjónustuna, og þá um leið viðkomandi byggðarlag, eru menningarleifar líkt og í Húshólma og nágrenni, mikil verðmæti.

⁸⁰ Bæklingur Ferðamálafélags Grindavíkur. Selatangar - merkilegur staður í umdæmi Grindavíkur - útg. 2004.

Gildi minjanna í Húshólma

Eins og fram kemur í athugasemdum Bjarna F. Einarssonar er Húshólmi merkilegt fyrirbæri. Sama viðhorf endurspeglast í athugunum Brynjúlfs Jónssonar og annarra, sem skrifað hafa um minjarnar í hólmanum eða rann-sakað þær m.t.t. aldurs.

Mikilvægt er að vernda minjar og umhverfi Húshólma. Ljóst er að aldur minjanna er hár og telja má fullvist að Ögmundarhraun, er færði hluta þeirra í kaf og hlífði öðrum, hefur runnið á sögulegum tíma. Það gefur hrauninu ákveðið gildi, auk þess sem einstakt má telja að hægt sé að ganga að minjum við slíkar aðstæður.

Segja má að minjarnar í Húshólma feli í sér flest það er gjaldgengt er í minjavernd. Þau hafa mikið gildi fyrir land og þjóð, hvort sem um er að ræða ímyndargildi fyrir landssvæðið og fólkið, tengslagildi við sögu og uppruna, vísindalegt gildi vegna takmarkaðra fyrirbyggjandi upplýsinga og hugsanlegra möguleika þeirra á að varpa ljósi á fyrrum óljósa hluti með rannsóknum, upplifunargildi fyrir áhugasamt fólk, fagurfræðilegt gildi vegna aðstæðna á svæðinu þar sem eru samspil hrauns er runnið hefur á sögulegum tíma og minja, sem til eru komnar eftir að fólk settist fyrst að hér á landi, upplýsingagildi er felst í að miðla þekkingu sem aflað hefur verið á fræðilegum grundvelli og ekki síst nota- og fjárhagslegt gildi fyrir ferðaþjónustuna hér á landi.

„Minjar eru áþreifanleg og efnisleg tengsl við fortíðina umfram bækur eða frásagnir. Þær eru tákn fortíðar, geta gefið upplýsingar um liðna sögu, miðla þekkingu milli kynslóða og eru í raun tengill nútímafólks við forfeður þess.“⁸¹

Bréf Kristins Magnússonar 2001

Í bréfi Kristins Magnússonar, fornleifafræðings, f.h. Þjóðminjasafns Íslands⁸² varðandi Suðurstrandarveginn milli Grindavíkur og Þorlákshafnar í framhaldi af vettvangsskoðun í Húshólma er m.a. fjallað um fyrrgreindar athugs-emdir Bjarna um Húshólma og skilyrði veglagningar í gegnum hólmann.

Í bréfinu segir m.a. að „Þjóðminjasafnið telur að til að hægt sé að fallast á lagningu vegarins gegnum Húshólma þurfi að gera bílastæði við veginn. Mæla þarf rústirnar á svæðinu upp og búa til upplýsingaspjöld á bílastæðinu þar sem almenningur getur fræðst um það sem þar er að sjá. Leggja þarf stíga um svæðið þannig að umferð um það sé stýrt. Búa þarf til umbúnað um rúst-

irnar sjálfar þannig að þeim stafi ekki hætta af umferð gangandi fólks um svæðið en jafnframt þannig að tilfinningin fyrir mikilfengleika rústanna í hrauninu glatist ekki. Til athugunar er að efna til samkeppni um frágang svæðisins. Huga þyrfti að samstarfi við Þjóðminjasafnið, Vegagerðina, Grindavíkurbæ, Náttúruvernd ríkisins og e.t.v. fleiri aðila í þessu sambandi. Samningur milli þessara aðila og framkvæmdaáætlun verður að liggja fyrir áður en hafist verður handa við vegaframkvæmdir og framkvæmdir við frágang svæðisins verða að haldast í hendur við vegagerðina og vera lokið áður en almennri umferð verður hleypt á veginn. Tryggja þarf viðhald þeirra mannvirkja sem þarna verða reist í framtíðinni og eftirlit með fornleifunum. Ráða þarf umsjónarmann yfir sumartímann sem hefði með höndum leiðsögn og eftirlit á svæðinu. Einungis með þessum skilmálum getur Þjóðminjasafn Íslands fallist á að vegur verði lagður í gegnum Húshólma. Ef ekki er hægt að tryggja varðveislu minjanna á svæðinu með slíkum aðgerðum telur safnið að eina leiðin til að forða þeim frá skemmdum sé að viðhalda erfiðu aðgengi að svæðinu með því að leggja veginn norðan Húshólmans.“

Minjum ógnað

Í dag er helsta ógnin við hluta fornleifanna jarðvegsrof í Húshólma. Þegar hafa langir hlutar torfgarða fokið burt og ljóst er að þeir munu hverfa að mestu í framtíðinni verði ekkert að gert. Landgræðsla ríkisins, sem staðið hefur fyrir uppgræðslu og áburðargjöf í Krýsuvíkurheiði austan við Ögmundarhraun, hefur haft áhuga á að græða upp sárin í Húshólma. Mikilvægt er að minjar í hólmanum skaðist ekki meira en orðið er. Einnig er mikilvægt að huga að Öbrennishólma því þar hefur gróðureyðingin bæði sótt að fjárborginni stóru, tóft skammt austan hennar sem og jarðlægum garði er liggur upp með fjárborginni að vestanverðu.

Þá eru minjarnar undir austanverðri Selöldu einnig í mikilli hættu vegna jarðvegseyðingar. Tvær fjárborgir eru nú á rofabörðum, forn tóft stendur á gömlum lækjarfarvegi og veður, vindar og vatn sækja að jarðlægum tóftum skammt austan hennar.

Minjar á Selatöngum eru í hættu vegna ágangs sjávar. Líklega mun sjórinn



Fjárborg í Öbrennishólma.

81 Bjarni F. Einarsson - Umsögn vegna Suðurstrandarvegar - mars 2001.

82 Kristinn Magnússon. Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Húshólmi - Garðabæ 23. júlí 2001.

smám saman taka til sín flestar minjanna á Selatöngum líkt og hann hefur gert víðast hvar með ströndum Reykjanesskagans í gegnum tíðina.

Aðgangur að minjunum - tillögur

Mikilvægt er að gefa fólki kost á að skoða minjarnar í Húshólma. Það þarf bæði að gera með ákveðnum takmörkunum, en jafnframt á þann hátt að það auki gildi og áhrif heimsóknarinnar. Í Húshólma eru bæði menningarminjar og náttúruminjar. Hvorutveggja þarf að gera aðgengilegt. Gæta þarf þó samræmis í þeim sjónarmiðum er lúta að friðun og verndun annars vegar og aðgengi almennings að fornminjum hins vegar. „Það að vekja athygli á stað eða minjum og gefa hvorutveggja gildi er besta varðveisluaðferðin.“⁸³

Ögmundur - sagan

Eins og fyrr segir dregur Ögmundarhraun nafn sitt af berserknum Ögmundi er sagður er hafa rutt stíg í gegnum hraunið; Ögmundarstíg. Hann sést enn að hluta. Þar við er svonefnd Ögmundardys.

Jón Guðmundsson⁸⁴ frá Ísólfs-skála var kúskur við lagningu svonefns Hlínarveggar frá Skála til Krýsuvíkur árið 1932. Hlín Johnsen í Krýsuvík, síðar Herdísarvík, vantaði veg til Grindavíkur til að geta selt þangað hey og bætt aðdrætti. Vegstaðið var svo til í gömlu þjóðleiðinni úr Drykkjarsteinsdal norðan Slögu, um Méltunnuklif og eftir hinum gamla Ögmundarstíg. Jón sagði að þá hafi stígurinn verið djúpt markaður í klöppina eftir umferð liðinna alda. Sums staðar hafði verið gengið niður úr hraunhellunni. Vegagerðarmenn hafi bæði breikkað og borið ofan í stíginn. Þannig væri hann enn í dag, nema á u.þ.b. 10 metra kafla austast í hraunkantinum, við dysina. Tekin var bein lína í hliðina í stað hlykksins á stígnum, sem þar er.

Ögmundur er getið a.m.k. í tveimur heimildum. Annars vegar er sagan af stígruðningnum.⁸⁵ Þar segir að „áður en [hraunið] var rutt varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraunsuppkomunni þegar fara þurfti til Njarðvíkur eður Keflavíkur. Bóndinn í Njarðvík átti dóttur. Hennar bað lausingi nokkur er Ögmundur hét, tröllmenni að stærð og kröptum. Bóndi vildi ei gipta dóttur sína fúlmenni þessu en treystist ei að standa í móti honum. Tekur hann því það ráð að lofa honum stúlkunni ef hann vildi vinna það til hennar að gera færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrði vegur til Suðurnesja. Þetta verk tókst hann á hendur og framkvæmdi það duglega en lagðist til svefns að loknu verkinu austan til við hraunbrúnina en bóndi lá í

⁸³ Fornleifavernd ríkisins - kennslustund í HÍ 2005.

⁸⁴ Jón er fæddur árið 1921 og býr að Skólabraut 4 í Grindavík.

⁸⁵ Huld I - 231.



Sæluhúsið undir Lat.

leyni í hraungjótu. Ætlaði hann honum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys hans sem drepinn var og er hraunið síðan við hann kennt og kallað Ögmundarhraun.“

Hins vegar er frásögnin sem Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi lýsir hér að framan.⁸⁶

Vettvangsskoðun 2005 - Óbrennishólmi

Farið var í vettvangsferð um Óbrennishólma. Gengið var til austurs af Ísólfs-skálavegi, áleiðis að sæluhúsinu í Ögmundarhrauni, skammt sunnan við Lat. Hlaðið er fyrir skúta og er dyrahellan þar við dyraopið. Stígur liggur ofan sæluhússins áleiðis í og áfram til suðausturs neðan við Óbrennishólma. Að þessu sinni var götu fylgt inn í hólmann og staðnæmst þar við stóra forna fjárborg á hæð í honum sunnanverðum. Í lægð vestan við borgina mótast fyrir fornu garðlagi frá norðri til suðurs. Austar er tóft, annað hvort af minni fjárborg eða hringlaga topphlöðnu húsi. Hár hraunkanturinn er skammt austan hennar. Haldið var upp í hólmann og skoðaðir garðar þeir er hraunið hafði staðnæmst við. Greinilega sést hvar þunnfljótandi hraunið hefur runnið yfir

⁸⁶ Brynjúlfur Jónsson - Tillag til alþýðlegra fornfræða. Brynjúlfur Jónsson 1953, bls. 101.

og að hlöðnum garði. Grjótið í honum er úr grágrýti en ekki hraungrýti, sem er allt umhverfis. Líkast til er þarna um tvö eða fleiri hraun, mismunandi gömul, að ræða. Garðurinn hefur verið hlaðinn á eldra hraun, en yngra hraun runnið að honum. Grjótið í garðinum er svipað og á holtinu hjá stóru fjárborginni og í borginni sjálfri.

Ofar í hrauninu er hlaðið hringlaga gerði, líklega nýrra, enda úr hraungrýti. Þá er hlaðið gerði og garður út frá því neðst og syðst í hólmanum. Hann virðist vera nýrri, enda hlaðinn að hraunkantinum, en hraunið ekki yfir honum líkt og efra.

Gengið var austur yfir úfið hraunið áleiðis að Húshólma. Af efstu brún þess er fallett útsýni yfir hólmann og nærliggjandi hraun. Þaðan sést vel hvernig skipting hraunsins hefur verið, annars vegar þunnfljótandi og hins vegar úfið og seigt. Óbrennishólmi og Húshólmi hafa að öllum líkindum verið hæðir í fyrrum landslaginu og því staðið upp úr þegar hraunin runnu. Í suðri sést vel í Brúnavörður, en við þær liggur stígur frá suðurbrún úfna hraunsins áleiðis í Húshólma.

Ljóst er að í Óbrennishólma eru einnig minjar, líkt og í Húshólma, sem ástæða er til að gefa sérstakan gaum m.t.t. varðveislugildis þeirra.

Grindavík - kenning um landnám

Í Landnámu (Sturlubók) er þess getið að Molda-Gnúpur Hrólfs sonur hafi numið Grindavík, líklega um árið 934, og Þórir haustmyrkur Vígbóðsson nam Selvog og Krýsuvík.

Synir Molda-Gnúps voru Gnúpur, Björn, Þorsteinn og Þórður. Eiginkona Gnúps var Arnbjörg Ráðormsdóttir og Björn kvæntist Jorunni dóttur Arnbjargar og Svertings Hrolleifssonar (á Hrauni). Í annarri útgáfu Landnámu (Hauksbók) segir að Gnúpur hafi fallið ásamt tveimur sonum sínum í átökum við Kaplagarða um veturinn. Hinir synirnir; Björn, Þórður og Þorsteinn, hafi hins vegar numið land í Grindavík.

Lítið er vitað um byggð í Grindavík fyrstu 300 árin. Má það teljast eðlilegt því á ofanverðum þeim tíma hefur byggðin líklega tæmst um tíma. Um árið 1150 byrjaði að gjósa austan við Grindavík og aftur um árið 1188. Mikið hraun rann. Um svipað leyti byrjaði að gjósa að austanverðu. Um árið 1211 færirst goshrinan nær (Eldvörpin) og enn árið 1226 þegar Illahraun og Afstapahraun ógna byggðinni. Ekki er ólíklegt að fólk hafi þá verið búið að fá nóg og því flutt sig um sinn til öruggari staða.

Líklegt má telja að Molda-Gnúpur Hrólfs sonur, eða synir hans, hafi sest að þar sem nú er Hóp eða við Járngerðarstaði. Nafnið bendir til þess þar sem bæ sinn í Álftaveri þar veturinn áður hafði hann nefnt Hof er gæti hafa breyst í



Garður í Óbrennishólma.

Hóp eftir að kristni var innleidd. Önnur vísbending eru aðstæður þær, sem verið hafa þar á þeim tíma. Ferskt vatn rann undan klöppunum, en það er óvísanlegt að fá á þessu svæði, nema ef vera skyldi í Gerðisvallabrunnum vestan við Járngerðarstaði og í gjám þar nálægt, sbr. Silfru. Fjörubeit hefur verið góð, auk þess sem skipalag hefur hvergi verið betra en í Hópinu.

Áður en opnað var inn í Hópið var þar fyrir ós, sem hægt var að komast um á flæði. Grasbleðill hefur og verið þarna við ströndina og tiltölulega greiðfært til fjalla þar sem nýleg hraun voru ofar. Ströndin, bæði að austanverðu og vestanverðu hafa verið allt annars eðlis og legið mun lengra inn í skagann. Há björg hafa einkennt austurströndina, en litlar grónar víkur verið á milli Ísólfskála og Krýsuvíkurbjargs. Gróið hefur verið í hliðum Þorbjarnarfells (elsta fellið á svæðinu) og það því verið vænlegt til selstöðu.

Synirnir voru fullvaxta er hér var komið við sögu. Gnúpur hefur væntanlega fyrst tekið sér kvonfang og þurft búsilag. Hinn veraldarvani Molda-Gnúpur, sem fengið hafði viðurnefni (virðingarheiti) sitt frá fæðingarstað sínum í Moldartúni á Norðmæri í Noregi, hefur væntanlega viljað tryggja land sitt að austan, þar sem búið var í Hlíð við Hlíðarvatn í Selvogi. Hann hefur því væntanlega fengið syni sínum land þar sem áður var við Krýsuvík, á ystu mörkum þess tíma. Ofar er Gnúpshlíðarháls og Gnúpshlíðarhorn syðst. Ögmundarhraun rann síðar yfir byggðina um 1151, en hlífði austasta hluta

hennar að hluta. Byggðin þar hafði þá náð að þróast í rúmlega 200 ár. Líklega hefur Þórir haustmyrkur og hans afkomendur lagt einhverju af sínu fólki til land vestast á landssvæði sínu, til mótvægis við byggð Grindarvíkurbóndans. Þær minjar, sem nú sjást í Húshólma og Óbrennishólma, gætu verið leifar þeirrar byggðar. Byggðin hefur legið vel við sjósókn, fuglar í björgum og greiðfært hefur verið til upplandsins til hrísöflunar eftir hálsunum.

Venjan var sú að elsti sonurinn tæki bú eftir föður sinn. Björn hefur því væntanlega verið elstur og því hafi tekið við búinu að Hópi eða flust þangað sem nú eru Járngerðarstaðir. Ekki er ósennilegt að í heiðni hafi Björn fengið viðurnefnið Þór, þ.e. elstur og æðstur bræðranna, en með kristninni hafi Hafurs-viðurnefnið orðið ofan á, sbr. draumasögnina um bergbúann og geithafurinn er kom í framhaldi af því til hjarðar Björns. Sagt var að landvættir allir hafi fylgt honum og bræðrum hans til þings og veiða. Fellið Þorbjörn ofan við Grindavík (Hóp) mun heita eftir Hafur-Birni.

Líklegt er að Þórði hafi verið fengið land á austurmörkum hins byggilega hluta landnámsins, þ.e. í Staðahverfi. Þórðarfellið ofan við Staðahverfi gæti bent til þess, en sagt er að fellið hafi verið nefnt eftir honum.

Þá er Þorsteinn einn eftir. Þar sem mest land við sjó, þar sem fiskur, fugl, reki, þang og þari þóttu hlunnindi, var að mestu frátekið þegar lengra var litið, var ekki um annað að ræða en líta nær eftir landkostum. Þá komu annað hvort núverandi Járngerðarstaðir eða Þórkötlustaðir til greina. Rannsókn sem gerð var við byggingu hlöðu við Vesturbæ í Þórkötlustaðahverfi, bentu til þess að þar hafi komið upp tóft landnámskálá. „Á Þórkötlustöðum í Grindavík var í vor (1902) byggð heyhlaða í bæjarhúsaröðinni og grafið fyrir henni nál. 3 al. djúpt í jörð. Þar komu menn niður á merkilegar byggingarleifar. Kom fram grjótveggur langsetis eftir gröfinni, þeim megin sem inn vissi í húsagarðinn. Neðst stóð framundan þeim vegg svo sem 1/2 al. breitt þrep, tæplega hnéhátt, alveg slétt ofan, og vandað og óhaggað, að byggingamenn létu það standa og höfðu það fyrir undirstöðu undir vegg hlöðunnar. Langs með þessu þrepi, svo sem 2 al. frá því, lá grjótbálgur eftir endilöngu, viðlíka hár og þrepið, eða vart það. Hann var nál. 2. al. breiður og allur lagður flötum hraunhellum ofan. Á þeim öllum var eldslitur.... Þetta virðast hafa verið leifar af fornum eldaskála.“⁸⁷

Skírskotun til sagna, sbr. heiðnar dysjar Járngerðar og Þórkötlustaða, benda og til fornra bæjarstæða á hvorum staðnum fyrir sig. Á báðum þessarra staða hafa sjósóknarskilyrði verið góð, en þó mun betri fyrrum á Þórkötlustöðum. Bæði hefur þar verið afmarkaðra land frá Hópi og nærtækara að sækja búbjörg



Fyrirhleðsla efst og austast í Húshólma.

í björgin þar austan við. Fiskimiðin leggja og betur við og rekamöguleikar þar hafa verið umtalsverðir. Húsafjall og Fiskidalsfjall ofan við Þórkötlustaði (Hraun), benda einnig til ákjósanlegrar búsetu á því svæði.

Hinar fornu þjóðleiðir, sem sjá má djúpt markaðar í bergið, jafnt frá Hópi, Járngerðarstöðum og Staðahverfi, benda til mikillar umferðar frá þessum stöðum lengi og alllönngum í gegnum aldirnar. Skógfellahraunið, sem Skógfella-stígur ofan við Hóp liggur um, er einna mest markaður, enda hraunið mun eldra en landnámið.

Það skal tekið fram að hér er einungis um að ræða vangaveltur um hugsanlega landnámsbyggð í Grindavík því áþreifanlegar sannanir liggja ekki fyrir - ennþá.

Gata í Húshólma úr norðri

Gata liggur niður í Húshólma úr norðri. Gengið er inn á hana sunnan við Krýsuvík-Mælifell. Þar liggur hún niður í gegnum og á sléttri hraunlænu milli úfinna apalhryggja, alveg niður í hólmann. Tvö stutt höft eru á stígnum þar sem fara þarf í gegnum úfið hraun. Við leiðina eru Mælifellsgrenin, grenjaskyttubyrgi og fornt arnarhreiður.

Ögmundarhraun er úfið á köflum, en þó má finna í því mjög aðgengileg-

87 Brynjúlfur Jónsson 1903. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, bls. 47.



Arnarhreiddur í Ögmundarhrauni- Krýsuvíkur-Mælifell fjær.

ar lænur sem þessa, en auðvelt er að fylgja þeim um hraunið. Grámosinn (gamburmosinn) er ráðandi í hrauninu. Sumsstaðar er hann svo þykkur að það getur verið erfiðleikum háð fyrir óvana að ösla hann upp á leggi. Þá koma hinir gömlu stígar í góðar þarfir.

Mælifellsgrenin eru á tveimur stöðum; efra og neðra. Við efri grenin er hlaðið byrgi fyrir refaskyttuna. Varða er skammt austan við grenin og önnur austar. Milli hennar og lítillar vörðu á austustu hraunbrúninni ofan við stórt gróið gerði í hraunkantinum er hálfvallin varða. Gróinn stígur liggur frá brúninni yfir að grenjunum. Við neðri grenin eru fleiri byrgi, en minni. Þar er einnig áberandi varða. Grenin eru í nokkuð sléttu helluhrauni.

Haldið var áfram niður stíginn uns komið var að arnarvarpi. Hreiðrið, sem er gróið, stendur á háum flöngum hraunhól. Frá því hefur verið gott útsýni yfir svo til allt hraunið milli Lats og Borgarhóls. A.m.k. fimm arnarvörp eru þekkt á Reykjanesi. Líklegt má telja að örninn leiti í þau á ný ef og þegar hann

snýr aftur á Reykjanesskagann.


Þegar komið var niður hraunbrúnirnar ofan við Húshólma virtist stígurinn hverfa framundan, en hann beygir í um 90° til austurs, yfir hraunhaft og inn í lítinn gróinn hólma ofan við Húshólma. Úr honum liggur gróinn stígur inn í norðvestanverðan hólmann. Tæplega klukkustundar gangur er niður í Húshólma frá Mælifellinu.

Mosahraunssvæðið norðvestan við Húshólma var skoðað. Stígur liggur inn í hringlaga slétt mosavaxið svæði. Upp frá því liggur gata norður í hraunið, áleiðis að fyrrnefndu götunni í gegnum slétt hraunið ofantil.

Ögmundarhraun er ekki gersneytt dýralífi þótt kindin hafi nú fært sig inn í afmarkað beitarhólf austan þess. Talsvert var af rjúpu í hrauninu og skolli var heldur ekki langt undan.

Lokaorð

Þegar staðið er við minjarnar í Húshólma má vel ímynda sér hvernig umhorfs hefur verið þar áður en hraunið rann. Falleg vík, væntanlega hin forna Krýsuvík, hefur legið þarna inn í landið, langleiðina upp á hinum gömlu sjávarhömrum suðaustan í Núps-hlíðarhálsi.⁸⁸ Byggðin, sem minjarnar eru frá, hefur staðið ofan við víkina, sennilega nokkuð ofarlega. Hraunið hefur runnið yfir talsverðan hluta byggðarinnar, en þyrmt því sem eftir stendur. Nú standa minjarnar eftir sem ápreifanleg ábending um rannsókn. Þær tala til þess er þarna stendur, ávarpa hann og biðja um að lesin verði úr þeim þau skilaboð sem þær fela í sér.



⁸⁸ Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Krýsuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins.“ Jökull 38, 1988, bls. 73: „Landslag við bæjarrústirnar bendir til þess að bærinn hafi staðið nærri sjó, sennilega við austanverða vík, sem hefur verið hin eiginlega Krýsuvík, en hún hefur fyllst af hrauni í Krýsuvíkureldum. Í sjávarkampinn hafa menn sótt grjót í byggingar á hinu forna bæjarstæði í Krýsuvík.“

Minjarnar vilja augljóslega segja sögu þeirra tíma, upplýsa um til hvers þær voru notaðar og hugsanlega hvaða fólk bjó þar og dó. Hraunið hefur ekki hlíft þessum minjum til einskis.

Minjarnar í Óbrennishólma þarna skammt vestar geta sagt sömu sögu, eða a.m.k. styrkt sögu Húshólmaminjanna. Mikilvægt er að svæðin verði rann-sökuð a.m.k. í tvennum tilgangi; annars vegar til að kveða á um nákvæman aldur hraunsins og hins vegar að reyna að opinbera eftir föngum aldur mann-vistarleifanna, tegundir þeirra, og hvaða fólk er líklegt að hafi hafst þar við áður en hraunið rann. Þá er og mikilvægt að gefa áhugasömu fólki kost að berja minjarnar augum og upplifa áhrif þeirra.

Húshólminn er ómetanlegur - hvernig sem á hann er litið.

